

THELMA HAFÞÓRSÐÓTTIR

Upphaldshluturinn hljómborð frá Yamaha

heimili sumar
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

Mikið endurnýjuð íbúð í tveggja hæða raðhúsi

Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX



Ertu að spá í að selja? Frítt söluverðmat

Valur Blomsterberg
Sölufultrúi
857-9550
valurblom@remax.is



Bergsteinn Gunnarsson
Löggitur Fasteigna
fyrirtækja og skipasali

FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR

FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

28. apríl 2008 – 115. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Gömlu goðin trekkja að

Um 25 þúsund miðar hafa selst á tónleika sumarsins.

FÓLK 22

Umdeild birting

Örn Bárður Jónsson og fleiri prestar birta útfarræður sínar á netinu.

FÓLK 30

Tilkall til píslarvættis

„En þáttaskilin urðu sem sé þarna þegar Sturla stóð glaðbeittur á Álftanesveginum með einhvers konar afrískt kvenhöfuðfat,“ segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

Vill fá að verja sig

Handknattleikskappinn Jón Heiðar Gunnarsson vill fá að spila handbolta með rúgbý-höfuðhlíf.

ÍPRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



Hlýnar norðantil Það má búast við hita yfir frostmarki víða á láglandi norðanlands, og allt að 8-10 stiga hita sunnantil í dag, úrkoma í flestum landshlutum í morgunsárið en styttr víðast hvar upp eftir hádegi.

VEÐUR 4

Hver fíkill kostar 317 þúsund á mánuði

Fíkniefnaneytandi kostar samfélagið um 300 þúsund krónur á mánuði, samkvæmt greiningu sem Ísmat gerði fyrir Krýsuvíkursamtökin. Ódýrara er að veita fíklum meðferðarúræði en að hafa þá á götunni, þó þeir falli strax aftur.

FÉLAGSMÁL Kostnaður hins opinbera af manneskju sem er í mikilli fíkniefnaneytandi og stundar ekki vinnu er að meðaltali 317.489 krónur á mánuði, samkvæmt kostnaðargreiningu sem matsrannsóknastofan Ísmat gerði fyrir Krýsuvíkursamtökin.

Niðurstöður greiningar leiða hins vegar í ljós að kostnaður við eitt meðferðarrými hjá Krýsuvíkursamtökunum, sem veitir vímuefnaneytendum langtíma meðferð, er samtals 280.937 krónur á mánuði sé miðað við gengi krónunnar í febrúar.

Björk Ólafsdóttir, matsfræðingur Ísmats, segir niðurstöðurnar leiða í ljós að meðferðarúræði sé hagkvæmt og að stærsti hluti ábat-

ans sé til kominn vegna sparnaðar sem verður við að fíkniefnaneytandi sé haldið fjarri afbrotum.

Við rannsóknina höfðu matsfræðingar til hliðsjónar athugasemdir á aðstæðum þess fólks sem kom til Krýsuvíkur í meðferð en þar dvelja að jafnaði 20 manns og er lágmarks meðferðartími þar hálf ár. Rætt var við 20 manns sem þar dvöldu í febrúar og safnað heimildum um þá þjónustu og aðgerðir sem samfélagið hafði veitt þeim svo sem í heilbrigðiskerfi, af lögregluþjónustu vegna afbrota, dómstóla og við afplánun refsinga. Miðaðist gagnaöflunin við árið 2007 er fólkíð fór til Krýsuvíkur. Ekkert af fólkinu hafði verið við vinnu eða í námi mánuðina fyrir meðferð.

Björk bendir þó á að einstaklingarnir sem þarna dvelja séu mjög ólíkir. „Sumir þeirra kosta samfélagið mjög mikið og keyra þessar tölur upp á meðan aðrir, þá sérstaklega konur sem stunda sjaldnar innbrot og skemmdarverk, kosta samfélagið lítið,“ segir hún.

Heildarniðurstöðurnar sýni þó glögg að það kostar samfélagið minna að veita langt leiddum fíkniefnaneytendum aðhlyningu á meðferðarheimili eins og Krýsuvík heldur en það sé á götunni. Þar sem fólk fjármagni neyslu með afbrotum og þurfi oft að leita læknishjálpar sem þarf aðallega á að halda vegna langvarandi fíkniefnaneytandi og áverka sem þá hljóti undir áhrifum.

- kdk



ALLIR KOMUST ÚT Um fimmtíu manns þurfti að rýma úr þjónustuíbúðum aldraðra að Dalbraut 27 í gær þegar eldur kom upp á annarri hæð. Íbúarnir gátu ekki gisti í íbúðunum sínum í nótt. Fjórir voru fluttir á sjúkrahús vegna bruna eða reykeitrunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjórir voru fluttir á sjúkrahús, þar á meðal öldruð kona sem brann illa:

Aldraðir hætt komnir í eldsvoða

ELDSVOÐI Eldur kom upp í einni af þjónustuíbúðum aldraðra við Dalbraut 27 laust upp úr klukkan fimm í gær. Alls voru fjórir fluttir á sjúkrahús. Konan sem býr í íbúðinni hlaut mikil brunasár og er haldið sofandi í öndunarvél. Lögreglumaður, sem fór inn í eimyrjuna þurfti einnig aðhlyningu.

Að sögn Marteins Geirssonar, deildarstjóra hjá slökkviliðinu, heyrði starfskona hróp konunnar og kom til aðstoðar. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og allir vistmenn komust út. Um fimmtíu manns þurfti að rýma úr húsinu.

„Það er erfitt að rýma öldrunarheimili, vanalega þarf að hjálpa

hverjum og einum vistmanni út,“ segir Marteinn. „Það varð töluvert tjón á hæðinni, reykurinn komst inn í nánast öll herbergin.“

Vistmenn voru fluttir yfir í hús að Dalbraut 25 og samband haft við fjölskyldur þeirra. Starfsfólki var boðið upp á áfallahjálpar.

Eldsupptök eru ókunn.

- sgi

Framleiða kattafóður á Súðavík

ÍBNABUR Stofnað hefur verið fyrirtækið Murr sem mun hefja framleiðslu á kattafóðri á Langeyri í Álftafirði í Súðavíkurbreppi. Þorleifur Ágústsson, talsmaður undirbúningshóps að stofnun fyrirtækisins, segir ráðgert að framleiðsla hefjist í júní næstkomandi, en þrjú munu starfa þar til að byrja með.

„Fóðrið verður framleitt úr hliðarafurðum frá Norðlenska sláturhúsinu, en þetta er unnið með þarfir katta í huga en ekki hugsað sem hagkvæm lausn á því hvernig eigi að losna við einhverjar tegundir af úrgangi,“ segir Þorleifur.

Hann segir nafn fyrirtækisins dregið af sögninni að murrar sem þýði að mala.

- jse

Fótboltamót lögreglunnar: Sérsvaitin kom, sá og sigraði

ÍPRÓTTIR „Þeir notuðu ekkert gas,“ segir Björn Bjartmarz, markakóngur knattspyrnuáttá lögreglumanna, um sigurlið sérsvaitar Ríkislögreglustjóra. Mótið fór fram í íþróttahúsinu í Njarðvík á föstudag og laugardag.

Björn, sem var næstelsti leikmaður mótsins, lék með A-liði lögreglunnar í Reykjavík og skoraði 26 mörk í átta leikjum, þar af 18 í tveimur leikjum. Hann er ekki óvanur markaskorun, því hann varð Íslandsmeistari með Víkingi árið 1991.

Arnar Geir Magnússon úr lögreglunni á Vopnafirði var valinn maður mótsins. Lögreglufélagið á Suðurnesjum hélt mótið og náði lið heimamanna þriðru sæti. Lið Björns varð í því þriðja, en alls tóku níu lið þátt.

- sgi



BJÖRN BJARTMARZ

SPURNING DAGSINS



Arnar, var boðið upp á flugvélamat?

„Nei, þetta var matur fólksins. Næring lýðræðis og frelsis.“

Félagar í samtökunum „Matur ekki einkapotur“ buðu upp á ókeypis mat á Lækjartorgi á laugardaginn. Arnar Mór Þórisson er meðlimur samtakanna.

Landlæknir óttast að samningar í deilu á Landspítala náist ekki fyrir 1. maí:

Varla verður samið í tæka tíð

HEILBRIGÐISMÁL Yfir hundrað geisla- og hjúkrunarfræðingar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi segja upp störfum frá og með fimmtudeginum 1. maí. Sigurður Guðmundsson landlæknir telur ólíklegt að samið verði fyrir fimmtudag.

„Mér finnst mjög ólíklegt að það semjast fyrir 1. maí miðað við það sem ég hef heyrt frá þeim sem standa í deilunum,“ segir Sigurður. „Það virðist bera alltof mikið í milli. Við höfum talsvert miklar áhyggjur af þessu.“

Ef uppsagnirnar standa tekur við neyðaráætlun svo hægt verði að sinna bráðaáðgerðum og öðrum aðkallandi aðgerðum.

„Eftir fyrstu vikuna verður komin þreyta í fólk. Neyðarþjónusta verður haldið uppi, en allar valaáðgerðir munu verða í miklum vandræðum,“ segir Sigurður.

Yfirmenn Landspítala ræða nú við einstaka



LANDSPÍTALINN Yfir hundrað geisla- og hjúkrunarfræðingar hætta störfum á fimmtudag að öllu óbreyttu.

starfsmenn sem hafa sagt upp. Anna Stefánsdóttir, settur forstjóri, segir að viðtölum ljúki líklega í dag. „Þetta getur farið á hvorn veginn sem er. Það er allveg eins líklegt að uppsagnirnar muni standa, en einhverjir gætu ákveðið að hætta við,“ segir Anna.

-sgj

Árni Sigfússon:

Vill ekki aftur í borgarstjórastól

STJÓRNMÁL Árni Sigfússon, bærjarstjóri í Reykjanesbæ, segist ekki mundu þiggja boð um að verða borgarstjóri í Reykjavík. Þetta kom fram í máli Árna í þættinum Mannamál á Stöð 2 í gærkvöldi.

Árni var borgarstjóri í um tvo mánuði árið 1994 en tapaði síðan tvívegis kosningum sem borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokks. Sagðist Árni hafa fengið sig fullsaddan, meðal annars á andstæðingum sem væru reiðubúnir að ganga nærri einkalífi fólks. Sagðist Árni ekki sjá eftir að hafa þegið bærjarstjórastólinn í Reykjanesbæ. - gar

Fráfarandi bærjarstjóri:

Sakar oddvita um ósannindi

SVEITARSTJÓRNIR Grímur Atlason, fráfarandi bærjarstjóri í Bolungarvík, segir Önnu Guðrúnu Edvarðsdóttir, oddvita A-listans í



GRÍMUR ATLASON

bærjarstjórn, segja ósatt um umræðuefni á fundi sem þau tvö áttu fyrir tæpum tveimur vikum. Í yfirlýsingu sem A-listinn sendi frá sér vegna slita á fyrri meirihluta í bærjarstjórninni segir meðal annars að Anna og Grímur hafi á fundinum rætt um staðsetningu Innheimtustofnunar sveitarfélaga á Flateyri og Anna lýst óánægju með viðbrögð bærjarstjórnar í því máli. Grímur segir þetta ósannindi sem komi „ekki á óvart þegar litid er á þau makalaus og óheildarlegu vinnubrögð sem A-listinn hefur lagt stund á síðustu daga.“ - gar

Eldur í bíl í Grafarvogi:

Eigandinn viss um íkveikju

LÖGREGLUMÁL Eldur kom upp í bíl við Naustabryggju í Grafarvogi laust fyrir miðnætti aðfaranótt sunnudags. Engin slys urðu á fólki en bíllinn er talinn gjörónýtur.

Bíllinn var jeppi af Volkswagen Touareg gerð. Hann kostar um ellefu milljónir króna út úr búð. Eigandi bílsins, Benjamín Þór Þorgrímsson, segir bíllinn hafa verið keyrðan 30 þúsund kílómetra. Benjamín segist handviss að um íkveikju hafi verið að ræða og hefur ákveðinn mann grunaðan um verknaðinn. - kg

Vill bætur vegna þrjú hundruð sérbylislóða

Eigandi Vatnsendarjarinnar krefst þess að Kópavogsbær greiði honum bætur vegna tafa á afhendingu 300 sérbylislóða sem eiga að vera hluti greiðslu í milljarðaviðskiptum á jörðinni. Bæjaryfirvöld segja bæinn ekki bótaskyldan.

STJÓRNÝSLA Þorsteinn Hjaltested, sem seldi Kópavogsbæ stóran hluta Vatnsendarjarinnar í milljarðaviðskiptum í fyrra, segir bæinn ekki hafa efnt samninginn og vill bætur.

Hluti greiðslna til Þorsteins áttu að vera byggingarlóðir fyrir 300 sérbyli. Bærinn tilkynnti Þorsteini í byrjun þessa mánaðar að lóðirnar verði ekki tilbúnar í lok maí eins og samið hefði verið um. Í bréfi lögmanns Þorsteins, Sigurbjörns Þorbergssonar, kemur fram að Þorsteinn eigi rétt á bótum vegna þessara tafa. Hann hafi þegar gert ráðstafanir sem byggt hafi á því að bærinn myndi efna samninginn að þessu leyti á réttum tíma. Þorsteinn vilji að Kópavogsbær geri grein fyrir því hvenær lóðirnar verði afhentar.

Þá segir lögmaður Þorsteins að Kópavogsbær hafi farið með skolpleiðslu fyrir Þingahverfi í gegn um land hans og gert mikið jarðrask án þess að semja um bætur fyrir það. Gunnar I. Birgisson bærjarstjóri



ÞÓR JÓNSSON



GUNNAR I. BIRGISSON



Í **VATNSENDA** Gera má ráð fyrir að 300 sérbylislóðir sem koma í hlut seljanda Vatnsendarjarinnar til Kópavogsbæjar séu afar verðmætar.

er staddur í opinberum erindagjörðum í Kína en Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, segir afhendingu lóðanna til Þorsteins ráðast af gildistöku skipulags og færslu Vatnsendamarkna.

„Enn er stefnt að því að afhending auglýstra lóða í Vatnsendahlíð verði um áramót þrátt fyrir tafir vegna úrskurðar umhverfisráðherra um að fyrirhuguð breyting á skipulagi teljist meiriháttar, en hann gekk þvert á sameiginlega niðurstöðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um að breytingin teldist ekki veruleg,“ útskýrir Þór.

Þá segir Þór að samkvæmt upplýsingum frá tæknisviði Kópavogsbæjar hafi skolplögnin sem lögmaður Þorsteins vísi til verið lögð á grundvelli samkomulags við landeigandann og að greitt hafi verið fyrir afnotin. „Spurningunni um hvort Kópavogsbær sé bótaskyldur er því svarað neitandi,“ segir upplýsingafulltrúinn.

Bæjaryfirvöld hafa hins vegar ekki enn svarað Þorsteini formlega. Bæjarráðið tók málið fyrir í síðustu viku og vísaði því til sviðstjóra og skrifstofustjóra framkvæmda- og tæknisviðs með ósk um tillögu frá svari þeim.

gar@frettabladid.is



BARIST VIÐ ELDINN Dýnuverksmiðjan í ljósum logum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldsvoði í Casablanca:

Tugir manna eldi að bráð

MAROKKÓ, AP Eigandi og framkvæmdastjóri dýnuverksmiðju í Casablanca í Marokkó voru báðir handteknir í gær vegna lélegra eldvarna. Tugir manna fórust þegar eldur braust út í verksmiðjunni. Læstar dyr urðu meðal annars til þess að fólk komst ekki út úr húsinu og varð eldinum að bráð.

Síðdegis í gær var talið að 55 manns hefðu brunnið inni og sex manns lágu á sjúkrahúsi.

Eldurinn braust út á laugardag. Nágrannar sögðu stóra stafla af dýnum hafa verið úti á götunni fyrir framan verksmiðjunna, sem þótti benda til þess að eigandinn hafi lagt meiri áherslu á að bjarga framleiðslunni en starfsfólkinu. - gb

HORNAFJÖRÐUR

Borað í Skaftafelli

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur lagt fram þrjár milljónir króna til að bora tilraunaholu í Skaftafelli til að leita þar að heitu vatni.

REYKJANESBÆR

Rotaður í Reykjanesbæ

Maður var sleginn niður fyrir utan skemmtistaðinn Yello í Keflavík í fyrrinótt. Hann var fluttur á slysadeild í Reykjavík og talinn kjálkabrotinn. Árásarmaðurinn var handtekinn og færður til yfirheyrslu í gær.

Sturla Jónsson vörubílstjóri gekk mótmælagöngu að Austurvelli í gær:

Fólk í landinu er orðið reiðara

MÓTMÆLI Sturla Jónsson vörubílstjóri gekk frá Húsi verslunarinnar og að Austurvelli í fylgd með vinum og vandamönnum síðdegis í gær. Með þessu vildi hann mótmæla háu bensínverði, reglum um hvíldartíma vörubílstjóra og því að lögreglan lagði hald á vörubíl hans í kjölfar mótmælaanna við Suðurlandsveg á miðvikudag.

„Ég er bara mjög sáttur, hressandi göngutúr,“ segir Sturla. „Ég bara ákvað um hádegi að röltu af stað.“

Um fimmtán manns gengu með Sturlu og létu mótmælin lítið yfir sér. Þegar á Austurvöll var komið setti Sturla skiltið sitt í moldarbeð fyrir framan Alþingishúsið.

Sturla segist munu kæra lögregluna fyrir að leggja hald á bílinn sinn. „En TM vill ekki greiða



STURLA MÓTMÆLIR Mótmælin fóru friðsamlega fram og ekki sást til lögreglumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

tjónið á bílnum. Hann er í kaskó, en þeir neita að meta hann,“ segir Sturla og segist hafa orðið fyrir nokkru vinnutapi vegna málsins. Framgöngu lögreglu á Suður-

landsvegi lýsir Sturla sem valdniðslu. „Ég held að menn ætli að halda áfram að mótmæla,“ segir Sturla. „Fólk í landinu er orðið reiðara.“ -sgj

Gott á mánudegi



Úr Fiskborði Noatúns

598 kr.

Fiskibollar

Þú sparar 400 kr.

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR PÉR LÍFIÐ



SKRAPP ÚT
Í KAFFI



*Petta er kortið sem gefur þér
flesta vildarpunkta af öllum
greiðslum heima og erlendis.
Það er fljótlegasta leiðin til
að safna upp í flugmiða.*



Kortið sem kemur þér út

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Sæktu um besta kortið fyrir þig á www.americanexpress.is eða í síma 575 5900

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	73,53 73,89
Sterlingspund	146,07 146,79
Evra	114,69 115,33
Dönsk króna	15,366 15,456
Norsk króna	14,304 14,388
Svænsk króna	12,281 12,353
Japanskt jen	0,7039 0,7081

SDR	119,59	120,31
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

147,9984

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



SJÓBIRTINGUR Góðar sjóbirtingsár eru í Vestur-Skaftafellssýslu.

Veidimenn reknir heim: Makrílveiðar í Tungufljóttinu

STANGVEIÐI Veidimenn sem voru í sjóbirtingsánni Tungufljótti í síðustu viku voru umsvifalaust reknir heim þegar eftirlitsmaður stóð þá að því að veiða á makríl og spún. Aðeins er leyfilegt að veiða á flugu í Tungufljótti að því er segir á heimasíðu Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

„Ef rétt er að veidimenn mæti til veiða í fljóttinu vopnaðir makríl lýsir slíkt einbeittum brotavilja svo ekki sé meira sagt. Verður það að segjast að slíkt er sérlega ósmekklegt þegar SVFR og Veidimálastofnun eru að rannsaka stofn árinna með merkingum á slepptum fiski,“ segir á svfr.is.

- gar

REYKJAVÍK

Neita fjölbýli á Grettisgötu

Embætti byggingafulltrúa hefur neitað eiganda Grettisgötu 54b um að rífa hið 98 ára gamla einbýlishús og byggja í staðinn fjölbýlishús á fjórum hæðum, þar sem það samræmist ekki deiliskipulagi.

Vilja bátaræsi í Geldinganes

Kayakklúbburinn vill að eidið yfir í Geldinganes verði rofið með ræsum svo þeir geti siglt þar í gegn. Skipulagsstjóri borgarinnar hefur frá því í desember beðið umsgagnar umhverfissviðs um málið.

Léleg þátttaka í borgarakosningum í Berlín túlkuð sem sigur fyrir borgarstjórnann:

Kusu ekki með flugvellinum

BERLÍN Hinum sögufræga Tempelhof-flugvelli verður að líkindum lokað, miðað við niðurstöðu borgarakosningar í gær.

Tilgangur kosningarinnar var að hvetja borgarstjóra Berlínar, Klaus Wowereit, til að endurskoða áform sín um að loka flugvellinum.

Til þess hefði fjórðungur allra sem eru á kjörskrá þurft að greiða því sitt atkvæði. En einungis 36 prósent íbúanna mættu á kjörstað, þrátt fyrir gríðarlega fyrirferðarmikla kosningabaráttu, bæði á götum úti og í fjölmiðlum.

Flestir þeirra sem kusu, 60,3 prósent, sögðust raunar vilja halda velliinum. En þeir, 21,7 prósent íbúa, duga ekki til.

Borgarstjórnin virðist því hafa sigrad þetta stríð og hefur beðið mótmælendur sína að virða niðurstöðuna.

Flogið hefur verið frá Tempelhof-velli síðan 1923.



NORDICPHOTOS/AP

KLAUS WOWEREIT Borgarstjóri jafnaðarmanna getur nú andað léttar eftir að flestir borgararnir kusu að mæta ekki á kjörstað.

Flugstöðin var reist af nasistum og er stærsta bygging Evrópu. Margir Berlínarbúar þakka velliinum að matur og aðrar vistir komust til borgarinnar þegar Sovéttmenn lokuðu henni um fimmtán mánaða skeið 1948 til 1949.

- kóp

Gordon Brown í vanda: Ráðherrar verja leiðtoga sinn

BRETLAND, AP Ráðherrar í bresku ríkisstjórninni koma nú hver á fætur öðrum forsætisráðherra sínum, Gordon Brown, til varnar.

Brown hefur átt í vök að verjast undanfarið og samkvæmt skoðanakönnun, sem birt var í Sunday Telegraph, nýtur Verkamanna-flokkurinn einungis stuðnings 29 prósent landsmanna, en Íhaldflokkurinn hefur 39 prósent stuðning.

Haft var eftir samstarfsmanni Tonys Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, að Brown gæti aldrei sigrad David Cameron, leiðtoga Íhaldsflokksins. Talsmaður Blairs sagði ekkert hæft í þessu.

- gb

Aukamannskapur ræstur út vegna fjölda eldsvoða

Kalla þurfti út varamannskap til að anna útköllum slökkviliðs í gær. Stórt útkall var vegna elds á elliheimili á Dalbraut. Þá þurfti að ráða niðurlögum sex sinubruna og sinna sjúkraflutningum á Suðurlandi. Marteinn Geirsson, deildarstjóri hjá slökkviliðinu, segir litlu hafa mátt muna að ekki fór verr.

SLÖKKVILIÐ „Menn verða að fara að átta sig á því að sinubrunar eru mjög alvarlegt mál og geta verið stórhættulegri á fleiri vegu en einn,“ segir Marteinn Geirsson, deildarstjóri hjá slökkviliðinu. „Sinubrunarnir taka óhemju mikinn tíma og orku frá okkur. Í dag vorum við heppnir að vera nýkomnir aftur á stöðvarnar þegar eldurinn í íbúð í húsi aldraðra við Dalbraut kom upp, því nánast allt tiltækt lið okkar var stadd við Hvaleyrarvatn. Það er í raun lukka að ekki hafi fleiri þurft að fara á spítala,“ segir Marteinn.

Mjög erilsamt var hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær og þurfti að kalla út varamannskap til þess að anna útköllum.

Eldur kom upp í íbúð á annarri hæð að Dalbraut 27 í Reykjavík laust eftir klukkan 17. Allt tiltækt lið var kallað á vettvang og gekk

slökkvistarfar greiðlega. Eldri kona var í íbúðinni og var hún flutt á slysadeild nokkuð slösuð. Einnig voru fimm til sex fluttir á slysadeild með minni áverka.

Útköll bærust vegna sex sinubruna á höfuðborgarsvæðinu. Mestur var bruninn við Hvaleyrarvatn, á landi í eigu Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, en þar brunnu nokkrir hektarar lands, aðallega kjarr og runnar. Litlu mátti muna að eldurinn læsti sig í 10-15 metra há tré á svæðinu, sem hefði gert slökkvistarfar mun erfiðara viðfangs. Einnig var tilkynnt um sinubruna við Hulduland í Reykjavík, Fjölsvöllinn í Grafarvogi, Sjávargrund í Garðabæ, Garðakirkju á Álftanesi og á Krýsuvíkurléi á Reykjanesi. Övenju mikið hefur verið um sinubruna í borginni síðustu vikur og grunar Árna Þórólfsson, starfsmann Skógræktarfélag Hafnar-

ÚTKÖLL SLÖKKVILIÐSINS Í GÆR



BARIST VIÐ SINUNA Það var í nógu að snúast hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær og þurfti að kalla út aukamannskap.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fjarðar, að um brennuvarg sé að ræða. „Það er orðið nánast daglegt brauð að eitthvað svona gerist og mig grunar að þarna sé einn sjúkurlaustur maður á ferðinni sem ber ábyrgð á þessu,“ segir Árni.

Þá var slökkvilið kvatt á vettvang þegar kviknaði í út frá þvottavél í íbúð við Teigasel í Breiðholti. Ein kona var flutt á slysadeild með snert af reykeitrun. Einnig þurfti

að sækja mann sem var á göngu um Lyklafell á Suðurlandi og flytja hann á sjúkrahús. Manninum heilsast að sögn vel.

Þá kviknaði í bíl við Naustabryggju í Grafarvogi laust fyrir miðnætti í fyrrakvöld. Eldsupptök eru ókunn en íkveikja er ekki útilokuð. Engin meiddsl urðu á fólki en bíllinn er talinn gjörónýtur.

kjartan@frettabladid.is

capacent

MARKMIÐASETNING OG ÁRANGURSMAT VIÐ FJÁRMÁLASTJÓRNUN
Verður 20. og 21. maí

FRAMKOMA OG TJÁNING
Verður 3. og 5. júní

Skráning og nánari upplýsingar hjá Capacent, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.


VEÐURSPÁ



Elin Björk Jónsdóttir
Veðurfræðingur

HLÝNAR SMÁM SAMAN

á öllu landinu, sérstaklega á láglandi. Þó vindáttin verði áfram norðlæg nær hiti víðast hvar upp fyrir frostmark í dag, úrkoma víða í morgunsárið en styttr upp eftir hádegi.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	14°
Ósló	14°
Stokkhólmur	13°
Gautaborg	17°
London	13°
París	15°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	21°
Berlín	22°
Alicante	23°
Mallorca	21°
Bassel	16°
Eindhoven	23°
Las Palmas	13°
New York	30°
Orlando	15°
San Francisco	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi


Á MORGUN Norðaustlæg átt 12-15 við vesturströndina

MÍÐVIKUDAGUR Norðlæg átt, 12-18 m/s sunnantil

Við tryggjum þér bestu vextina!

TVENNA

Nýjung sem sameinar kosti verðtryggðra og óverðtryggðra reikninga



- Tvenna er verðtryggður reikningur bundinn í þrjú ár
- Lágmarksinnborgun er 5.000.000 kr.
- Í lok hvers árs er ávöxtun borin saman við óverðtryggða ávöxtun á Markaðsreikningi Netbankans
- Ef Markaðsreikningur hefur borið hærri ávöxtun er lögð inn vaxtabót á Tvennu, sem nemur mismuninum
- Tvenna ber 7,70% verðtryggða vexti sem er það hæsta sem gerist á 36 mánaða bundnum verðtryggðum reikningum í bankakerfinu

Kynntu þér Tvennu á www.nb.is

eða hafðu samband í síma 550 1800



Parf að efla mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur?

Já 46,3%
Nei 53,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Óttastu ástandið á fasteignamarkaði?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Ryskingar fylgdu Ólympíukyndlinum í Suður-Kóreu og Japan:

Óeirðalögregla gætti kyndils

SUÐUR-KÓREA, AP Kínverskir stúdentar lentu í átökum við óeirðalögreglu í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, þegar Ólympíukyndillinn var borinn um götur borgarinnar í gær.

Þúsundir lögreglumanna gættu þess að mótmælendur kæmst ekki að kyndlinum. Margir þeirra hugðust nota tækifærið til að minna á illa meðferð Kínverja á flóttamönnum frá Suður-Kóreu.

Mótmæli og ryskingar trufluðu einnig för Ólympíukyndilsins gegnum borgina Nagano í Japan á laugardag. Japönsk stjórnvöld afþökkuðu kínverskar öryggisveitir sem fylgt hafa kyndlinum



MÓTMÆLI Í SUÐUR-KÓREU Óeirðalögregla hélt mótmælendum í Seúl í skefjum. NORDICPHOTOS/AFP

á för hans og í stað þeirra hljóp japanska óeirðalögreglan með kyndilberanum gegnum borgina. Yfir þrjú þúsund lögregluþjónar

voru við öryggisgæslu en þúsundir stuðningsmanna Kína auk mótmælenda fylltu göturnar.

Tveir mótmælendur reyndu að ná til kyndilsins og voru handteknir. Þriðji mótmælendinn var handtekinn eftir að hafa kastað eggjum að eldinum. Yfirvöld í Japan segja að einungis fjórir hafi meiðst lítillega í ryskingum.

Mótmæli vegna hernáms kínverskra stjórnvalda í Tíbet hafa truflað för kyndilsins um heiminn, meðal annars í Aþenu, London, París og San Francisco. Á næstu dögum verður farið með Ólympíukyndilinn um Norður-Kóreu og Víetnam.

Stjórnvöld í Brasilíu íhuga lög:

Vilja vernda regnskógana

BRASILÍA Brasilísk stjórnvöld íhuga nú að setja lög sem kveða á um að allir erlendir verkamenn og gestir á Amazon-svæðinu þurfi sérstakt leyfi. Lögin eiga að koma í veg fyrir ólöglega nýtingu á auðindum regnskóganna.

Þeir sem ferðast um skógana án leyfis geta hlotið sekt upp á allt að sextíu dollara, eða rúmar fjögur þúsund krónur. Á fréttavef breska ríkisútvarpsins í gær er haft eftir dómsmálaráðherra Brasilíu, Romeo Tuma, að allir gestir yrðu eftir sem áður velkomnir á Amazon-svæðið, fólk yrði einungis að gera grein fyrir ferðum sínum.

VÍKKAÐU SJONDEILDARHRINGINN!

Nemendur Háskólans í Reykjavík geta farið í skiptinám til u.p.b. 300 háskóla um allan heim.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700



Sársauki er **ekki** eðlilegt ástand
Átt þú rétt á slysabótum?

TORT

NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - www.tort.is

Ól föður sínum sjö börn í einangrun

Austurrísk kona var illa haldin andlega sem líkamlega eftir að hafa verið fangi í kjallara heima hjá sér í 24 ár. Faðir hennar hefur misnotað hana frá því hún var ellefu ára og eignast með henni sjö börn.

AUSTURRÍKI, AP Josef Fritzl, 73 ára gamall Austurríkismaður, var handtekinn í gær, sakaður um að hafa haldið dóttur sinni fanginni í kjallaranum heima hjá þeim í bænum Amstetten í 24 ár, eða frá því dóttirin var 18 ára.

Elizabeth Fritzl er nú 42 ára og er talin hafa eignast sjö börn með föður sínum, sem hefur níðst á henni kynferðislega síðan hún var ellefu ára gömul. Eitt barnanna dó stuttu eftir fæðingu.

Hinn 28. ágúst árið 1984 svæfði hann dóttur sína, handjarnaði hana og lokaði niðri í kjallaraherbergi. Hún var illa á sig komin andlega sem líkamlega þegar lögreglan yfirheyrði hana.

Börnin sex sem eftir lifa eru á aldrinum 5 til 20 ára, þrjú drengir og þrjár stúlkur. Þrjú þeirra hafa að öllum líkindum verið lokað niðri í kjallaranum með móður sinni frá fæðingu og hafa ekki einu sinni fengið að ganga í skóla.

Hin þrjú eru í opinberum skrárum og þar sögð búa hjá afa sínum og ömmu. Fritzl og kona hans tilkynntu um börnin árin 1993, 1994 og 1997 og sögðust hafa fundið þau á tröppunum heima hjá sér ásamt bréfi frá dóttur þeirra.

Móðirin segist ekkert hafa vitað um dótturina fyrr en hún og tvö barnanna fengu að koma upp úr kjallaranum. Josef sagði konu sinni að Elizabeth og börnin væru komin heim. Josef heldur enn fast við þessa sögu.

Þriðja barnið, sem hafði verið í



FAÐIRINN HANDTEKINN Tveir lögreglumenn leiða Josef Fritzl inn á lögreglustöð í Amstetten, rúmlega 20 þúsund manna bæ í Austurríki, þar sem hann hélt dóttur sinni fanginni áratugum saman. NORDICPHOTOS/AFP

kjallaranum, er Kerstin, nítján ára gömul, og liggur hún nú þungt haldin á sjúkrahúsi. Upp komst um málið þegar hún veiktist heiftarlega 19. apríl síðastliðinn og faðir hennar sá sig nauðbeygðan að flytja hana á sjúkrahús þar sem læknar töldu sig þurfa nánari upplýsingar um hagi hennar.

Elizabeth hefur verið talin týnd frá árinu 1984 og á tímabili leitaði alþjóðalögreglan Interpol að henni. Helst var talið að hún hefði leitað á

náðir sértrúarsafnaðar.

Í yfirheyrslum hjá lögreglu vildi Elizabeth ekkert segja um raunir sínar og niðingsverk föðursins fyrr en hún hafði verið fullvissuð um að hvorki hún né börn hennar þyrftu nokkurn tíma að sjá hann aftur.

Fréttirnar af Elizabethu minna á sögu Natöschu Kampusch, austurrískrar stúlkur sem slapp úr þrúningu mannþrælingja fyrir tveimur árum eftir að hafa verið í haldi hans í átta ár.

gudsteinn@frettabladid.is

Endurtalning atkvæða í þingkosningum í Simbabve:

Upphaflegu úrslitin standa

SIMBABVE, AP Endurtalning í þingkosningunum í Simbabve, sem fóru fram í mars, staðfestir upphaflegar niðurstöður kosninganna. Sigur stjórnarandstöðunnar verður þar með ekki dreginn í efa.

Í gær var lokið við endurtalningu í 18 af 23 kjördæmum, þar sem stjórnvöld töldu úrslitin óviss. Búist er við að endurtalningu í öllum kjördæmunum verði lokið í dag.

Vonast er til þess að niðurstöður úr endurtalningu atkvæða úr þingkosningunum verði til þess að flýta fyrir birtingu á niðurstöðum úr forsetakosningum, sem enn hafa ekki verið gerðar opinberar þótt nærri mánuður sé liðinn frá því kosningarnar fóru fram.

Mikil spennan er í landinu og lítil stemning fyrir fögnuði hjá stjórnarandstæðingum, þrátt fyrir þessa staðfestingu á sigri hennar. Stjórnvöld beita her og lögreglu óspart til að berjja á stjórnarandstæðingum, sem krefjast þess að úrslit forsetakosninganna verði birtar sem fyrst.

Jenday Frazer, erindreki Bandaríkjanna í Afríku, segir nauðsynlegt að alþjóðasamfélagið skerist í leikinn: „Ef umburðarlyndi og virðing fyrir mannréttindum fer áfram hratt hnignandi þá verða afleiðingarnar fyrir alla íbúa Simbabve alvarlegar,



MUGABE Á VEGGJUM Maður gengur framhjá kosningaspjöldum frá Robert Mugabe forseta. NORDICPHOTOS/AFP

og leiða til frekari vandamála fyrir grannríkin,“ sagði hún í gær.

- rat

RÉTTU BÍLARNIR!

INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR

Við eigum frábært úrval af notuðum bílum, allt frá þeim allra minnstu upp í flottustu lúxuskerrur. Þú finnur örugglega bílinn sem hentar einmitt þér á planinu hjá okkur. Renndu við á Sævarhöfðanum, skoðaðu, prufukeyrðu og sestu svo í kaffi með sölumanni og gakktu frá bestu kaupum ársins.



Nissan Patrol 3.0 Elegance
Ekinn 34 þús. Nýskr. 10/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **5.190.000 kr.**



Subaru Legacy Luxury
Ekinn 16 þús. Nýskr. 05/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **3.680.000 kr.**



Nissan Note 1.6 Tekna
Ekinn 12 þús. Nýskr. 05/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **2.390.000 kr.**



Nissan X-Trail 2.0 Elegance
Ekinn 15 þús. Nýskr. 09/06

2006 Sjálfskiptur Verð: **3.190.000 kr.**



Nissan Patrol 3.0 Eleg. 38"
Ekinn 38 þús. Nýskr. 09/06

2006 Beinskptur Verð: **6.590.000 kr.**



Subaru Legacy
Ekinn 56 þús. Nýskr. 05/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **2.080.000 kr.**



Subaru Legacy Outback 2.5
Ekinn 2 þús. Nýskr. 03/08

2008 Sjálfskiptur Verð: **3.750.000 kr.**



Isuzu D-Max
Ekinn 4 þús. Nýskr. 11/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **3.690.000 kr.**



Nissan Primastar 1.9 D
Ekinn 40 þús. Nýskr. 05/06
8 manna bíll

2006 Beinskptur Nú: **3.390.000 kr.**



Nissan X-Trail 2.0 Sport
Ekinn 81 þús. Nýskr. 09/04

2004 Sjálfskiptur Verð: **1.890.000 kr.**



Nissan Patrol 3.0 Elegance
Ekinn 38 þús. Nýskr. 02/06

2006 Sjálfskiptur Verð: **5.490.000 kr.**



Nissan Double Cab
Ekinn 61 þús. Nýskr. 04/05

2005 Beinskptur Verð: **2.490.000 kr.**



Nissan X-Trail 2.0 Elegance
Ekinn 20 þús. Nýskr. 03/06

2006 Sjálfskiptur Verð: **2.990.000 kr.**



Nissan Patrol 3.0 Eleg. 35"
Ekinn 24 þús. Nýskr. 02/06

2006 Sjálfskiptur Verð: **5.350.000 kr.**



Opel Vivaro 1.9 D
Ekinn 50 þús. Nýskr. 10/04
9 manna bíll

2004 Beinskptur Verð: **2.250.000 kr.**



Nissan Note 1.4 Visia
Ekinn 30 þús. Nýskr. 04/06

2006 Beinskptur Verð: **1.620.000 kr.**



Subaru Legacy - Nýr bíll
Ekinn 0 þús. Nýskr. 03/08

2008 Sjálfskiptur Verð: **3.180.000 kr.**



Subaru Legacy Plus
Ekinn 56 þús. Nýskr. 11/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **2.490.000 kr.**



Nissan Pathfinder 2.5 SE
Ekinn 10 þús. Nýskr. 06/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **5.850.000 kr.**



Nissan Patrol 3.0 Eleg. 35"
Ekinn 41 þús. Nýskr. 11/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **4.890.000 kr.**

Að sjálfsgöðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Með fyrirvara um prentvillur.



GÓÐ ÞJÓNUSTA

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is



INGVAR HELGASON



HUGMYNDAFRÆÐI

VERKEFNASTJÓRNUNAR OG MARKMIÐASETNING

Stjórnendaskóli HR býður upp á vandaða og öfluga vinnustofu þar sem kennd er verkefnastjórnun sem svarar kröfum atvinnulífsins. Lögð er áhersla á skilvirkar og hagnýtar aðferðir, þar sem mælingar á árangri í verkefnum eru hafðar að leiðarljósi.

Námið er ætlað öllum þeim sem þurfa að stjórna og/eða taka þátt í verkefnum þar sem árangur þarf að vera mælanlegur og áþreifanlegur.

Leiðbeinandi er Þórður Víkingur Friðgeirsson, einn reynslumesti kennari á sviði verkefnastjórnunar.

Þriðjudaginn 6. maí, klukkan 15 - 19
Hugmyndafræði verkefnastjórnunar og markmiðasetning

Þriðjudaginn 13. maí, klukkan 15 - 19
Skilgreining, afmörkun og umfang verkefna

Þriðjudaginn 20. maí, klukkan 15 - 19
Framkvæmdarætti verkefna, verkferlið og framvindustjórnun

Nánari upplýsingar og skráning: Elísabet I. Þorvaldsdóttir, elisabeth@ru.is, www.stjornendaskoli.is



Öryggisvörður 10-11 beittur ofbeldi á vakt í þriðja sinn á skömmum tíma:

Ætla ekki að breyta opnunartíma

LÖGREGLUMÁL „Það eru ýkjur að um árás hafi verið að ræða. Þarna var verið að vísa fjörugum viðskiptavini út úr búðinni sem sló aðeins frá sér. Öryggisvörðurinn fékk á kjaftinn, eins og sagt er á góðri íslensku,“ segir Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri 10-11 verslananna. Snemma á sunnudagsmorgunn var öryggisvörður um títugt kýldur í andlitið í verslun 10-11 í Austurstræti með þeim afleiðingum að flísaðist úr tönn í honum. Tveir menn á þrítugsaldri höfðu verið með háreysti inni í búðinni og brást annar þeirra illa við þegar öryggisvörðurinn hugðist vísa honum á dyr.



10 - 11 Í AUSTURSTRÆTI Í þriðja sinn á innan við mánuði var öryggisvörður 10-11 beittur ofbeldi.

Þetta er í þriðja sinn á innan við mánuði sem öryggisvörður í versluninni verður fyrir ofbeldi af hálfu viðskiptavina og hlaut einn þeirra

lífshættulega áverka. Sigurður segir ekki hafa komið til umræðu að grípa til aðgerða vegna þessa. „Það er ekki uppi á borðinu að breyta opnunartímanum og heldur ekki að fjölga öryggisvörðum. Við erum að tækla þessar uppkomur mjög vel og höfum fulla stjórn á ástandinu.“

Öryggisverðir í versluninni geta verið allt niður í átján ára gamlir. Sigurður segir að öflugustu öryggisverðirnir sem völ er á séu látnir vinna á næturvöktum í Austurstræti um helgar.

Öryggisvörðurinn var fluttur á slysadeild og líðan hans er að sögn góð. - kg

Kvöldverður í Hvíta húsinu:

Bush flaggar kímniáfunni

BANDARÍKIN, AP „John McCain er ekki hér, hann vill sennilega fjarlægja sig frá mér,“ sagði



GEORGE W. BUSH

George W. Bush Bandaríkjaforseti á hinu árlega kvöldverðarboði fyrir bandaríska fréttamenn í Hvíta húsinu á laugardaginn, þar sem venjan er að ræðumenn geri óspart grín að sjálfum sér.

Hann lýsti furðu sinni á að enginn hugsanlegra arftaka sinna hafi mætt: „Hillary Clinton komst ekki inn vegna leyniskyttuárásar og Obama er í messu,“ sagði hann og skaut þar með á veika punkta hjá þeim báðum. Að lokum fékk hann að stjórna hljómsveit, sem hann segist hafa látið sig dreyma lengi um að gera. - gb



FRÍKIRKJUVEGUR 11 Björgólfur Thor Björgólfsson fær áður auglýsta 900 fermetra lóð umhverfis Fríkirkjuveg 11 auk umráða yfir um 700 fermetra hestagerði á baklöd samkvæmt leigusamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björgólfur bað fyrst um allan Hallargarðinn

Borgarstjóri segir kaupanda Fríkirkjuveg 11 upphaflega hafa viljað nánast allan Hallargarðinn. Hann hafnar því að hafa verið blekktur sem og fullyrðingum um að borgin tapi forræði yfir garðinum.

REYKJAVÍKURBORG Björgólfur Thor Björgólfsson, sem er að kaupa Fríkirkjuveg 11, vildi upphaflega fá nánast allan Hallargarðinn á leigu með húsinu.

„Það voru uppi hugmyndir um miklu meiri áhrif kaupanda Fríkirkjuveg 11 á þróun mála í Hallargarðinum heldur en niðurstaðan er. Það var jafnvel í upphafi þessa máls, þegar farið var að ræða lóðamálin nánar, uppi umræða að kaupandinn fengi jafnvel einhvers konar leigu á allt að því öllum garðinum, sem kom auðvitað ekki til greina,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri.

Ólafur hafnar fullyrðingu borgarfulltrúa Vinstri grænna, Þorleifs Gunnlaugssonar, um að með sölu á Fríkirkjuvegi 11 sé Reykjavíkurborg að afsala sér forræði yfir Hallargarðinum.

„Við erum ekki að selja garðinn og ekki að leigja hann heldur höfum fullt eignarhald og tryggjum almenningi fulla umferð um garðinn og alla lóðina í kring um Fríkirkjuveg 11,“ segir Ólafur sem sömuleiðis hafnar hugleiðingum Þorleifs um að borgarstjóri kunni að hafa verið blekktur í þessu máli.

„Það er alls ekki rétt að ég hafi verið blekktur. Ég hef kynnt mér þetta mál í þaula - ekki síst vegna þess að ég var upphaflega á móti því að þetta söluferli væri hafið og hef ekki skipt um skoðun á því. Hins vegar tók borgin skuldbindingu ákvörðun um söluina fyrir



BJÖRGÓLFUR THOR



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

fimmtán mánuðum og úr því sem komið var er ekkert annað að gera en að klára málið með sómasamlegum hætti,“ segir borgarstjóri.

Ólafur ítrekar að hann telji hagsmuni almennings tryggða með þeim kaupsamningi sem lagður verður fyrir næsta fund borgarstjórnar til staðfestingar. Húsið verði verndað og almenningur muni hafa aðgang að því og ávallt fullan umferðarrétt um Hallargarðinn, sem áfram muni njóta verndar sem opið grænt svæði.

Þorleifur Gunnlaugsson segir í yfirlýsingu að nýr eigandi á Fríkirkjuvegi 11 fá neitunarvald í Hallargarðinum. Ólafur segir að kaupandinn hafi einfaldlega viljað tryggja sig gegn því að borgin reisi mannvirki eða selji lóð Hallargarðsins. „Það stendur náttúrulega aldrei til að borgin fari að selja úr Hallargarðinum eða vera með einhverjar framkvæmdir á þessari lóð,“ segir borgarstjóriinn. gar@frettabladid.is



MEISTARANÁM VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Tækni- og verkfræðideild HR býður meistaranám í

- Byggingarverkfræði
- Framkvæmdastjórnun
- Umferðar- og skipulagsfræðum
- Steinsteyputækni
- Mannvirkjahönnun
- Fjármálaverkfræði
- Véla- og rafmagnsverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Líf- og heilbrigðisvísindum
- Ákvarðanaverkfræði

Námið er einkum ætlað þeim sem hafa lokið BSc-prófi í verkfræði eða tæknifræði með góðum árangri. Nemendur sem hafa annan bakgrunn úr BSc-námi sínu geta útskrifast með meistaraþróf á tilteknum sérsviðum verkfræðinnar, s.s. meistaraþróf í framkvæmdastjórnun, umferðar- og skipulagsfræðum, heilbrigðisvísindum o.fl.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR



ÞVOTTADAGAR

Í RÖNNING

Tilboðsverð
91.500

WA73160
Þeytivinduhraði: 1600 sn
Afkastageta 7 kg
Sparnaðarkerfi
Hraðþvottur
Aukaskolun
Einföld þvottavél
Kolalaus mótur
Stál belgur
Einkar hljóðlát

Tilboðsverð
84.900

WA73140
Þeytivinduhraði: 1400 sn
Afkastageta 7 kg
Sparnaðarkerfi
Hraðþvottur
Aukaskolun
Einföld þvottavél

Tilboðsverð
83.900

WA72145BK
Þeytivinduhraði: 1400 sn
Afkastageta 7 kg
Sparnaðarkerfi
Hraðþvottur
Einföld þvottavél
Einkar hljóðlát

Tilboðsverð
71.500

WA72125
Þeytivinduhraði: 1200 sn
Afkastageta 7 kg
Sparnaðarkerfi
Hraðþvottur
Einföld þvottavél

Tilboðsverð
54.900

WA501250
Þeytivinduhraði: 1200 sn
Afkastageta 5,5 kg
Sparnaðarkerfi
Hraðþvottur
Einföld þvottavél

Kíktu við og fáðu
frítt eintak af
uppflettiritinu
„Ups“.
Góð ráð til
að þvo þvott.

vel valin
ráð úr
„Ups“

- 1 Til að fjarlægja grasbletti úr buxum eftir æfingu hjá börnunum. Burstaðu með venjulegu tannkremi og fylgdu síðan þvottaleiðbeiningunum.
- 2 Til að komast hjá lykkjuföllum í sokkabuxum. Skolaðu nýjar sokkabuxurnar upp úr mýkingarefni og vatni áður en þú notar þær í fyrsta sinn.
- 3 Til að komast hjá ló í angórupsunni þinni. Þú skalt gleyma því að hrista, toga í eða teygja. Heldur vaggva eins og barni. Notaðu ularkerfið í þvottavélinni og ullinni er vaggvað varlega fram og til baka.
- 4 Til að fjarlægja varalit úr skyrtu. Dýfðu svæðinu með varalítnum í mjólk og láttu vera í 4-6 tíma áður enn skyrtan er sett í þvott. Ef enn er litur eftir þvottinni, nuddaðu þá með alkóhólí þegar fiðkin er orðin þurr.
- 5 Ef þú vilt vera örugg(ur) um að sundfötin endist lengur en nokkra sumardaga. Veldu þá aðra liti en rauðan og bláan. Útfjólubláir geislar sólarinnar vinna hraðar á þessum litum.

Góð ráð til að þvo þvott
ups
gorenje

RÖNNING

ronning.is

REYKJAVÍK
Borgartún 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Draupnigata 2
Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Hafnargata 52
Sími 420 7200

Nilfisk

Réttu tækin í þriffin

- háþrýstidælur, ryk- og vatnssugur frá 8.888 kr.

20% afsláttur



Nilfisk P160 1-15 B X-tra
Dæluprýstingur: 160 bör
Vatnsmagn: 650 l/klst.

Nilfisk E140 2-9 X-tra
Dæluprýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.

Nilfisk C120 2-6
Dæluprýstingur: 120 bör
Vatnsmagn: 520 l/klst.

Nilfisk C100 4-5
Dæluprýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 320 l/klst.

Nilfisk Buddy 18
ryk- og vatnssuga
Loffflæði: 3600 l/mín.
Mótor: 1300W
15 l tankur

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Skipulagsnefnd Skagafjarðar um Kjalveg:

Bitni ekki á aðalvegi

SAMGÖNGUR Skipulags- og byggingarnefnd Skagafjarðar segir heilsársveg yfir Kjöl ekki munu stytta vegalengdir úr Skagafirði til Reykjavíkur eða Akureyrar nema fyrir mjög lítt hluta íbúanna.

Þá segir nefndin núverandi þjóðveg 1 ekki ásættanlegan fyrir þá umferð sem um hann fari í dag. Mikilvægt sé að uppbygging hálandisvegur um Kjöl komi ekki niður á nauðsynlegum endurbótum og uppbyggingu á þjóðvegi 1. Áheyrnarfulltrúinn Gísli Arnason sagði Kjalveg útilokaðan því veglína væri í gegn um Guðlaugstungur sem hafi verið friðlýstar árið 2005.

- gar



KJALVEGUR Norðurvegur ehf. vill byggja heilsársveg um Kjöl.



TIL LÆKNIS Fjölgun heimilislækna á Íslandi er aðkallandi en einn af hverjum þremur starfandi læknum mun hætta eftir fimm til tíu ár. Nýliðun heldur ekki í við fækkunina.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Heimilislæknar allt of fáir víða um land

Nýliðun í heimilislæknastétt fer hvergi nærri því að halda í við íbúafjölgun. Af 170 starfandi læknum munu sextíu hætta sökum aldurs eftir áratug. Heimilislæknum hefur lítið sem ekkert fjölgað í tíu ár.

HEILBRIGÐISMÁL Heimilislæknum á Íslandi hefur lítið sem ekkert fjölgað á síðasta áratug á sama tíma og landsmönnum hefur fjölgað um fjörutíu þúsund manns. Um 170 heimilislæknar starfa á Íslandi en allt að 60 þeirra munu hætta störfum á næstu tíu árum sökum aldurs. Nýliðun í stéttinni er langt frá því að vera nægileg til að koma til móts við íbúafjölgun og fyrirsjáanlegt brotthvarf eldri lækna úr stéttinni.

Elínborg Bárðardóttir, formaður Félags heimilislækna, segir rót vandans liggja í því að um árabíl fóru fáir lækna í sérnámi í heimilislækningum og eðlileg endurnýjun hafi því ekki átt sér stað. „Núna er meiri áhugi á þessari sérmenntun en sú endurnýjun fyllir ekki það skarð sem fyrirsjáanlegt er að myndist innan fárra ára.“

Eðlilegt má telja að hver heimilislæknir þjóni 1.500 einstaklingum á hverjum tíma og þeir 110 heimilislæknar sem skráðir eru á höfuðborgarsvæðinu geti því sinnt um 165 þúsund manns. Fjölga þarf starfandi heimilislæknum á höfuðborgarsvæðinu um tuttugu til að uppfylla þörfina og allt að 30 þúsund eru talin vera án skráðs heimilislæknis.

Læknar í sérnámi í heimilislækningum á Íslandi eru tuttugu talsins og eru blanda af læknum sem hafa hlotið formlega námsstöðu frá heilbrigðisráðuneytinu og þeim sem eru á eigin vegum að uppfylla skilyrði samkvæmt

„Núna er meiri áhugi á þessari sérmenntun en sú endurnýjun fyllir ekki það skarð sem fyrirsjáanlegt er að myndist innan fárra ára.“

ELÍNBOG BÁRÐARÐÓTTIR
FORMAÐUR FÉLAGS HEIMILISLÆKNA

núgildandi reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa. Heilbrigðisráðuneytið gerir ráð fyrir að um 200 stöðugildi heimilislækna þurfi hér á landi, miðað við áætlanir um uppbyggingu heilsugæslunnar. Því þarf nýliðunin að vera sjö til tíu stöðugildi á ári að meðaltali. Nýliðunin er aðeins fjögur stöðugildi á ári að meðaltali.

Helmingur allra heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu mun hætta störfum sökum aldurs á næsta áratug. Talið er að ungrir lækna, sem nú eru í sérnámi, muni frekar sækja í stöður sem losna á höfuðborgarsvæðinu sem skilur landsbyggðina eftir með uppsafnan vanda.

Óttar Ármannsson, formaður Félags landsbyggðarlækna, hefur lýst yfir áhyggjum vegna þessa ástands. Til marks um það hefur svo árum skiptir ekki verið sótt um fastar stöður heimilislækna á landsbyggðinni sem auglýstar hafa verið, til dæmis við Heilbrigðisstofnun Austurlands.

svavar@frettabladid.is




ASKIA Mercedes-Benz

Mercedes-Benz C200
Kompressor
+ 5,6 milljónir í skottið á tvöfaldan miða!

Harley Davidson Fat Boy
+ 3,2 milljónir í bakpokann á tvöfaldan miða!

Tvöfaldaðu verðgildið með tvöföldum miða

**Opið til kl. 18 í aðalumboðinu alla virka daga!
Hringdu í síma 561 7757 og kaupu miða.**

Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr. og tvöfaldur kostar 2.000 kr.
Kaupu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI **das**
Vinningur í hverri viku

Færri lögreglumenn sjá um löggæslu í miðborginni en skipulagsskrá segir til um:

Níu lögreglumenn á vaktinni

LÖGREGLUMÁL Þrjú lögreglubílar þjóna miðbæ Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá eiga fjórir lögreglumenn að vera á hverjum bíl en raunin hefur verið önnur. Á bílunum eru yfirleitt þrjú menn en stundum tveir. Það þýðir að í besta falli sjá níu lögreglumenn um löggæslu í miðborginni en ekki tólf til fimmtán eins og áður hefur verið haldið fram.

Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins segist ekki vilja rengja tölurnar. „Þetta eru meðalstölur teknar upp úr varðskrá.“ Hann segir lögregluna afar sjaldan leita til sérsvéitar ríkislögreglu-

stjóra og staðfestir að menn úr sérsvéitinni hafi ekki gengið vaktir með almennum lögreglumönnum frá því á síðastliðnu hausti. „Við verðum að líta til verkefnanna og vera sveigjanlegir. Það er ekki rétt að við séum búnir að blása eitthvað af,“ segir Árni Þór og vísar þar til þess að lögreglan hafi ætlað að vera sýnileg íbúum höfuðborgarsvæðisins. „Það eru bara aðrar forsendur í janúar og febrúar en í ágúst og september.“

- ovd

LÖGREGLUMÁÐUR AÐ STÖRFUM
Lögreglumönnum á þremur bílum er ætlað að sjá um löggæslu í miðborginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



BLAUTAR BÆKUR Fjöldi fólks lagði leið sína í sundlaugina á Seltjarnarnesi á laugardaginn til að lesa bækur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Vika bókarinnar:

Lesið í lauginni á Seltjarnarnesi

MENNING Menningin sveif yfir vötnum í Sundlaug Seltjarnarness í gær þegar gestum laugarinnar var boðið upp á bókmenntadagskrána Lesið í lauginni.

Dagskráin var haldin í tilefni alþjóðlegrar viku bókarinnar og innihélt sérstaka barnadagskrá, hljóðbókadagskrá og kvölddagskrá. Höfundar litu við og lásu upp úr verkum sínum ásamt leikurum og bæjarbúum og bókahlutar voru plastaðir og flutu um í pottum og laugum. Þá var boðið upp á bækur til lestrar í baðstofu World Class, en frítt var í sundlauginu og World Class allan daginn.

- kg

REYKJAVÍK

Rífur einbýli í Fossvogi

Sótt hefur verið heimild til að rífa enn eitt einbýlishúsið í Fossvogi. Eigandi Lálands 3 vill byggja 426 fermetra hús í stað núverandi húss sem er 234 fermetrar.

FJARÐABYGGÐ

Varnargarður á hálfvirði

Semja á við Línuhönnun um gerð nýs snjóflóðavarnargarðs á Norðfirði. Tilboð fyrirtækisins í verkið er upp á 13,8 milljónir króna sem er aðeins 56 prósent af kostnaðaráætlun. Hnit hf. bauð 25,4 milljónir sem er 3 prósent yfir áætluninni.

LÖGREGLUFRETTIR

Hraðakstur í Suðurhólum

Bröt 73 ökumanna voru mynduð í Suðurhólum í Breiðholti á þriðjudag. Á einni klukkustund fóru 303 ökutæki um vaktaða svæðið og því ók tæplega fjórðungur ökumanna of hratt eða yfir afskiptahraða. Var meðalhraði hinna brotlegu rúmlega 43 kílómetra hraði á klukkustund þar sem 30 kílómetrar er hámarkshraði.

Opinn bæjarmálafundur VG í Kópavogi í kvöld kl. 20.00 í Kragakaffi, Hamraborg 1-3.

www.vg.is

OPINN KYNNINGARFUNDUR
Niðurstöður rannsóknar um hagi og viðhorf Reykvíkinga 80 ára og eldri.

Þriðjudaginn 29. apríl kl. 14
í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarsal.

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar um viðhorf og hagi Reykvíkinga 80 ára og eldri, sem Capacent-Gallup vann fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar á tímabilinu nóvember 2007 - janúar 2008.

Allir velkomnir. Eldri borgarar í Reykjavík eru hvattir til að mæta.

Léttar kaffiveitingar.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

VERULEGA GOTT VERÐ Á NÆSTUM NÝJUM

PAJERO



Hann hefur unnið Dakar rallið sex sinnum í röð og gersigrað Ísland við allar aðstæður. Núna eigum við gott úrval nýlegra Pajero jeppa sem bíða bara eftir að komast út í vorið. **Allir 7 manna með dráttarbeisli og á ótrúlegu verði.** Komdu í heimsókn og ræddu málin við verulega sveigjanlegan sölumann.

Verð frá: **3.550.000,-**
og allt að: 5.650.000,-



Opíð 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga



Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Kletthálsi 11 | sími 590 5044 | bilathing@bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

FBL-GREINING: SAMBAND SEÐLABANKA ESB-LANDA

Samræming peningamálastefnu

Í umræðu um Efnahags- og myntbandalag Evrópusambandsins hérlendis hefur heyrst sá misskilningur að seðlabankar aðildarríkjanna tapi tilverugrundvelli sínum við inngöngu í myntbandalagið. Hið rétta er að þeir starfa áfram og hafa með sér náð samstarf.

Hvernig er samstarfið skipulagt?

Annars vegar er um að ræða Samband seðlabanka ESB-landa, sem seðlabankar allra ESB-ríkja 27 auk Seðlabanka Evrópu í Frankfurt eiga aðild að. Upprunalega var fyrirséð að þetta samband annaðist mótun og framkvæmd peningamálastefnu evrusvæðisins, en þar sem ekki öll ESB-löndin eiga aðild að myntbandalaginu hafa seðlabankar evru-landanna með sér samstarf undir heitinu Evru-kerfið. Það annast mótun og framkvæmd peningamálastefnu evrusvæðisins. Eins og er eiga fimmtán af ESB-löndunum 27 aðild að myntbandalaginu.

Hver eru verkefni Evru-kerfisins?

Nánnar tiltekið eru verkefni Evru-kerfisins þessi: Að skilgreina og hrinda í framkvæmd peningamálastefnu evrusvæðisins, að annast gjalddeyrisviðskipti fyrir hönd stjórnvalda evrulandanna, að geyma og stjórna gjalddeyrisvarasjóðum evrulandanna og að sjá til þess að greiðslukerfi á evrusvæðinu virki snúðulaust. Seðlabankar ESB- og evrulandanna sjá þar að auki um að halda til haga og vinna úr viðeigandi hagtölum aðildarríkjanna.

Samráð?

Iðnaðarbil, 80 til 1000 ferm til leigu á góðum stað í Hafnarfirði. Erum einnig með húsnæði á 2 hæð sem hentur undir ýmsa starfsemi, skrifstofur eða sem geymsluhúsnæði. Uppl í S. 8224200 og 6601060, vad@simnet.is

ATH til leigu frábært nýl iðnaðarbil, 70m2 m stórri hurð í Garðabæ Verð kr 100 þús á mán S 8927858

Geymsluhúsnæði

Geymslu-gámar



Gómar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



HAFNARBANKI
Substansiönæmi Hafnarfirði
Sími: 530-2350 - www.hafnarbanki.is

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðimar.

Bílskúr 20fm til leigu m/hita á sv.108Rvk.Verð 30þ.,2m.tyrirfram. Uppl. á s.6908793

ATVINNA

Atvinna í boði

Sjávarkjallarinn

Vorum að útskrifa úrvalslíð af matreiðslumönnum og framreiðslumönnum og hlökkum til að fá nýja nema í lið með okkur. Einnig eru laus sæti í úrvalslíði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?

Uppl. veitir Valtýr (661 9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17. Umsóknir berist á: valt-yr@sjavarkjallarinn.is



Vilt þú meiri ábyrgð í starfi?

Subway Hringbraut/N1 óskar eftir kraftmiklum og samviskusömum einstakling í starf aðstoðarverslunarstjóra. Um fullt starf er að ræða í vaktavinnu. Aðstoðarverslunarstjóri er hægri hönd verslunarstjóra, hjálpar til við uppgjör, pantanir, talningu og starfsmannahald auk þess að sinna almennri afgreiðslu og þrífum. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Magga í síma 696-7064. Aldurstakmark er 18 ár.



Helgarvinna - hlutastarf.

Subway Austurstræti og Subway Hringbraut/N1 óska eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf um helgar. Íslenskukunnátta er kostur en annars góð ensku kunnátta skilyrði. Hægt er að sækja um á subway.is

Nánari upplýsingar veita Dóra í síma: 696 7006 (Austurstræti) og Magga í síma: 696 7064 (Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

Hringdu í síma

512
50
60
ef blaðið berst ekki



JC Mokstur
Óskum eftir mönnum með vinnuvelaréttindi eða meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Upplýsingar í síma 824 2340.

Dzwięgowy
Firma budowana w Rejkiawiku poszukuje dzwięgowego na wszystkie rodzaje dzwięgow wiezowycm. Musi posidhc. Uprawnienia. Tel 820 7063 Józef.

Sóthreinsun og þríf óskar eftir hraustum starfsmanni með bílpróf 17 ára eða eldri til starfa við háþrýstipvott og sóthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Grástein ehf. vantar vanan mann á hjólað í afleysingar í einn mánuð . uppl. í síma 893-0383 .

GG flutningar ehf óska eftir að ráða vana meiraprófsbílstjóra til starfa nú þegar. Mikil vinna. Uppl og umsóknir í síma 5814410

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn? Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannapjónusta s. 661 7000.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, grófumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

Almennileg kona frá S-Ameríku óskar eftir vinnu. Tekur að sér umönnun, hringingingu, eldamennsku o.fl. S. 867 5733.

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

23 ára kk óskar eftir vinnu. Allt kemur til greina. Hefur unnið í byggingarvinnu og vöruhúsum. S. 663 3273.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Grænn páfagaukur hvarf frá Stuðlaseli 5 laugardaginn 26. apríl. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Karl í 6968123.

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9588 (kreditkort)
Sögar
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símapjónusta Spjalldómur

S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.

Myndarlegur ungur maður, 34 ára, nýkominn frá útlöndum óskar eftir að kynnast góðri stúlku á aldrinum 20-48 ára. Útlit skiptir ekki meginmáli, en góð skapgerð. Má vera íslensk eða útlensk og af hvaða kynþætti sem er. Börn engin fyrirstaða. Ef þú hefur áhuga, hringdu þá í s. 895 6288 og við spjallum saman, Hjalli.

ATVINNA ÓSKAST

Uppsláttarteymi

5 manna uppsláttarteymi óskar eftir vinnu. eru þrælvanir.

Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf

TILKYNNINGAR

ÁSKIRKJA - NEDRI SAFNAÐARSALUR:

Opið hús, kl. 11:00 þriðjudaginn 29. apríl, þar ræðir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, alþingismaður um tryggingamál og svarar fyrirspurnum.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

BJARNI ARASON
13.00-18.00 ALLA VIRKA DAGA
Ljúf og þægileg tónlist
www.lettbylgjan.is
LÉTT BYLGJAN
967

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Er Samfylkingin á réttri leið?

UMRÆÐAN

Björgvin Guðmundsson skrifar um stjórnsmál

Samfylkingin hefur nú verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum í tæpt eitt ár. Það er því komin nokkur reynsla af þeirri stjórnarsetu. Hvernig hefur tekist til? Nokkuð hefur áunnist en hvergi nærri nóg. Ég mun nú gera nokkra úttekt á stjórnarsetu Samfylkingarinnar.

Nokkur árangur hefur náðst í velferðarmálum sem heyra undir ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttir. Má þar nefna aðgerðaráætlun í málum barna og ungmenna, ráðstafanir í húsnæðismálum, aðgerðir í þágu geðfatlaðra, minni tekjutengingar lífeyris aldraðra og öryrkja og afnám skerðingar lífeyris vegna tekna maka. Enn vantar þó að framkvæma stærsta mál lífeyrisþega, þ. e. hækkun lífeyris þannig að hann dugi fyrir framfærslukostnaði samkvæmt könnun Hagstofu Íslands um neysluútgjöld. Það mál var eitt stærsta kosningaloforð Samfylkingarinnar og mér finnst það nokkuð mikill dráttur á efdum þess að draga það í heilt ár og sennilega rúmlega það.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að láta þá sem ekki hafa neitt úr lífeyrissjóði fá 25 þús. kr. bruttó lífeyri hrekkur skammt í því efni. Eftir skatta og skerðingar verða um 8 þús. kr. eftir af þeim 25 þús. krónum. Það er að vísu betra en ekkert fyrir þá sem ekkert fá í dag úr lífeyrissjóði en það er lítil hópur sem fær þessa greiðslu. Kosningaloforð Samfylkingarinnar var hins vegar um almenna hækkun lífeyris frá TR til allra. Mér segir svo hugur að þessar 25 þús. kr. hafi tafið framkvæmd á kosningaloforði Samfylkingarinnar.

Í stjórnarsáttmálanum segir að bæta eigi stöðu aldraðra og öryrkja og einfalda almannaþryggingakerfið. Þetta ákvæði hefði mátt vera ítarlegra svo það hefði legið betur fyrir hvernig ætti að bæta kjör lífeyrisþega og hvað mikið. Með því að orða ákvæðið í stjórnarsáttmálanum óljóst verður stöðugur reipdráttur um það milli stjórnarflokkanna hvað bæta eigi kjör lífeyrisþega mikið.

Í stjórnarsáttmálanum er einnig minnst á skattamál. Þar segir að skattar einstaklinga og fyrirtækja verði lækkaðir. Í tengslum við nýgerða kjarasamninga var ákveðið að hækka skattleysismörkin og lækka skatta fyrirtækja. Skattleysismörkin verða hækkuð um 20 þúsund krónur á mánuði á þremur árum og hefst sú skattabreyting næsta ár. Á næsta ári hækka skattleysismörkin um 5.800 kr. á mánuði. Þetta er lítið skattalækkunar. Samfylkingin setti fram það stefnumál fyrir síðustu kosningar, að skattleysismörkin ættu að fylgja launavísitölu. Ef skattleysismörkin hefðu hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá 1988 væru þau í dag 150 þúsund kr. á mánuði. En þau verða 115-120 þúsund krónur á mánuði eftir þrjú ár. Það vantar því mikið upp á að stefnumarki Samfylkingarinnar sé náð. Tekjuskattur fyrirtækja verður lækkaður úr 18% í 15% strax á næsta ári. Þar er betur að málum staðið en að því, er varðar skattalækkunar einstaklinga.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritsstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Samfylkingin lagði mikla áherslu á umhverfismál í síðustu kosningum. Hún vildi kortleggja hvar mætti virkja og hvar ætti að vernda náttúruna og hún vildi fresta frekari stóriðu. Þegar hefur verið ákveðið að vernda vissa staði og viss svæði og ekki er á döfinni að virkja neina stórfossa á næstunni. Erfiðara hefur hins vegar reynst að stöðva þá stóriðu, sem var í

þípunum. Ný álverksmiðja í Helgúvík er komin lengst að því er undirbúningur varðar. Skipulagsstofnun hafði framkvæmt umhverfismat en það var kært til umhverfisráðherra. Ráðherra taldi ekki lagastoð til þess að fella matið úr gildi og með því að matið var jákvætt framkvæmdum þýðir það að grænt ljós hefur verið gefið á framkvæmdir. Framkvæmdaleyfi er í höndum sveitarfélaga. Völd umhverfisráðherra orðin harla lítil. Umhverfisráðherra virtist andvígur álveri við Helgúvík en gat ekkert gert. Hvort ríkisstjórn getur haft óbein áhrif á ákvarðanir um nýja stór-

iðju kann vel að vera. En svo virðist sem ríkisstjórnin hafi lítinn áhuga á því.

Samfylkingin lagði eitt stærsta baráttumál sitt, kvótamálið, til hliðar í síðustu alþingiskosningum. Margir telja, að það hafi verið gert til þess að greiða fyrir stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Ef það er rétt hefði Samfylkingin átt að vera því harðari í öðrum baráttumálum sínum eins og velferðarmálum og skattamálum. En svo var ekki. Ákvæðin um þessi mál í stjórnarsáttmálanum eru ekki nógu skýr. Ég er mjög óánægður með það, að Samfylkingin skuli hafa lagt kvótamálið til hliðar. Þetta er eitt stærsta og

mikilvægasta baráttumál jafnaðarmanna í dag. Það verður að stokka kvótakerfið upp, draga veiðiheilmildir inn á ákveðnu tímabili og bjóða aflaheimildir upp eða úthluta þeim á ný gegn greiðslu. Kvótakerfið hefur skapað gifurlegt misrétti í þjóðfélaginu. Margir hafa fengið úthlutað frítt miklum verðmætum, sem þeir hafa síðan selt og braskað með eins og þeir ættu veiðiheilmildirnar, þó svo sé ekki. Jafnaðarmenn munu ekki hætta baráttunni fyrr en misrétti kvótakerfisins hefur verið leiðrétt.

Höfundur er viðskiptafræðingur.



Blaðberinn minn hjálpar mér að hjálpa umhverfinu

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinnna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinnna dagblaðapappír.

Nældu þér í Bláðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



JESSICA ALBA ER 27 ÁRA Í DAG

„Mín kenning er að með nógu sjálfsöryggi geti maður hvað sem er, jafnvel þegar maður hefur ekki hugmynd um hvað maður er að gera.“

Leikkonan Jessica Alba er fædd í Kaliforníu en hún er af mexíkóskum, frönskum og dönskum ættum.



PETTA GERÐIST: 28. APRÍL 1952

Hersetu Bandaríkjamanna í Japan lýkur

Hersetu Bandaríkjamanna í Japan lauk á þessum degi árið 1952 með undirritun friðarsamninga milli þjóðanna tveggja.

Bandaríski hershöfðinginn Douglas MacArthur hafði gert róttækar breytingar á valdauppbyggingu herliðsins árið 1949 með þeim afleiðingum að vald japanskra stjórnvalda jókst að nýju. Athygli MacArthurs og Hvíta hússins beindist að sama skapi í síauknum mæli að Kóreustríðinu sem flýtti fyrir endalokum hersetunnar.

San Francisco-friðarsamningurinn, sem var undirritaður 8. september árið 1951, markaði lokin á hersetu Bandaríkjamanna í Japan. Japan varð aftur sjálfstætt ríki þegar samningnum var hrint í framkvæmd 28. apríl árið 1952. Undantekningar þar á voru Iwo Jima, sem var áfram undir stjórn Bandaríkjamanna til ársins 1968, og Okinawa, sem laut stjórn þeirra allt til ársins 1972.



Enn eru í kringum 47.000 starfsmenn á vegum bandaríska hersins í Japan en þeir eru þar í boði japanskra stjórnvalda.

MERKISATBURÐIR

- 1237 Bæjarbardagi er háður að Bæ í Borgarfirði og rúmlega þrjátíu manns láta lífið.
- 1819 Tukthúsið í Reykjavík verður embættisbústaður stiftamtmanns.
- 1920 Aserbaidsjan verður hluti af Sovjetríkjunum.
- 1945 Benito Mussolini og Clara Petacci ástkona hans eru tekin af lífi.
- 1969 Charles de Gaulle lætur af forsetaembætti í Frakklandi.
- 1990 Axl Rose úr Guns and Roses kvænist Erin Everly.
- 2001 Bandaríski milljónamæringurinn Dennis Tito verður fyrsti geimferðamaður í heimi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



HARPER LEE
RITHÖFUNDUR
er 82 ára.



JORGE GARCIA
LEIKARI
er 35 ára.



TERRY PRATCHETT
RITHÖFUNDUR
er 60 ára.



JOHN DALY
KYLFINGUR
er 42 ára.



JAY LENO
ÞÁTTASTJÓRNANDI
er 58 ára.



PENÉLOPE CRUZ
LEIKONA
er 34 ára.



AFMÆLI Hildur Björg Hafstein, formaður SAMFOK, segir mikinn árangur hafa hlotist af því starfi sem samtökin hafi unnið síðustu 25 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SAMFOK: SAMTÖK FORELDRAFÉLAGA OG FORELDRARÁÐA Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

Tuttugu og fimm ár frá stofnun

SAMFOK, samtök foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur, var stofnað árið 1983 og fagnar því tuttugu og fimm ára starfsafmæli um þessar mundir.

„Sambandið er meðal fyrstu foreldrasamtaka landsins og starfa einungis í Reykjavík. Síðan hafa til dæmis bæst í hópinn Heimili og skóli sem eru landssamtök foreldra og önnur svæðasambönd,“ segir Hildur Björg Hafstein, formaður SAMFOK. Hún hefur starfað með samtökunum síðastliðin fjögur ár í sjálfböðavinnu og á sjálf fjögur börn á öllum skólastigum.

„Ástæðan fyrir stofnun SAMFOK var þörf á sameiginlegum vettvangi fyrir hagsmuni foreldra skólabarna. Staður þar sem raddir þeirra öðluðust ákveðinn hljómgrunn. Þarna voru foreldrar farnir að starfa heilmikið í foreldrafélögum skólanna og því kjörð tækifæri til að taka höndum saman,“ útskýrir Hildur Björg, sem segir miklar breytingar hafa orðið á samstarfi foreldra og skóla.

„Síðastliðin ár hafa foreldrar komið

mikið inn í skólastarfið. Áður var þetta aðskilið en í dag lítur skólinn á foreldra sem mikilvægar stoðir fyrir farsælt starf,“ segir hún og heldur áfram: „Fyrstu markmiðin voru að byggja traust milli foreldra og skóla. Þá helst að styrkja foreldra og gera þá öruggari í sínu starfi. Þetta höfum við gert meðal annars með námskeiðahaldi og fræðslu sem hefur tekist mjög vel. Enda viðhorfin allt önnur í dag.“

Árangur af þessu starfi segir Hildur einnig mega sjá í framhaldsskólum í dag.

„Foreldrafélög framhaldsskólanna eru sýnilegasti árangur af þessu starfi. Þegar foreldrar voru búnir að festa sig í sessi í grunnskólum fóru þeir í framhaldsskólana. Enda hafa þeir mikinn áhuga á námi barna sinna, þrátt fyrir að þau séu komin í framhaldsskóla. Sama má segja um framhaldsskólana sem hafa mikinn áhuga og taka þessu samstarfi vel. Þar er einnig reynt, eins og á grunnskólastigi, að styrkja og fræða báða aðila,“ segir Hildur og nefnir einnig rannsóknir um virka þátttöku

foreldra í skólastarfi barna sinna.

„Þeir nemendur sem njóta samstarfs foreldra og skóla fá að jafnaði meira út úr sinni skólagöngu. Þetta eru einnig óbein áhrif því önnur börn njóta samstarfsins líka.“

Ekki bara börn þeirra foreldra sem eru virk,“ segir hún og nefnir einnig þátttöku SAMFOK í menntastefnu borgarinnar. „Við erum áheyrnaraðili í menntaráði borgarinnar, sem sýnir líka hversu mikið samtökin hafa vaxið og geta gert.“

Framundan er aðalfundur 14. maí í Hlíðaskóla og þar verður einnig boðið upp á skemmtilegan fyrirlestur í tilefni afmælisársins. „Við ætlum að fá til okkar Sigurjón Þórðarson, ráðgjafa hjá Capacent, sem mun halda erindið Tímastjórnun reykvísks ofurforeldris, enda ekki vanþörf á. Einnig er framundan málþing í haust í tilefni af afmælinu, en það verður auglýst sérstaklega þegar að því kemur.“ Allar nánari upplýsingar er að finna á www.samfok.is.

rh@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Þórhallur Guðmundsson
sjómaður

sem lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu föstudaginn 18. apríl, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 29. apríl kl. 15.00.

Steinunn Egilsdóttir
Berglind Þórhallsdóttir
Hafsteinn G. Þórhallsson
Hafþór R. Þórhallsson
Eygla S. Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ragnar J. Guðjónsson

Margrét Guðmundsdóttir
Þórhallur Sveinsson



Okkar ástkæri
Valdimar Óskar Jónsson
loftskeytamaður,

verður jarðsönginn frá Áskirkju þriðjudaginn 29. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á reikning 0315-13-304040 kt: 041167-3279 til styrktar Grensádeild LSH.

Jóna Margrét Guðmundsdóttir
Guðmundur St. Valdimarsson
Ragnheiður Valdimarsdóttir
Davíð Þór Valdimarsson
Margrét Valdimarsdóttir
og barnabörn.

Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Gunnar Skúli Guðjónsson

Erla Dögg Ragnarsdóttir

Ormar Gylfason Línal



Ástkær móðir okkar, amma, dóttir og tendamóðir,
Sigríður Kristinsdóttir

lést sunnudaginn 20. apríl. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 29. apríl kl. 15.00.

Kristinn S. Sæmundsson

Gunnar S. Sæmundsson

Hörður Sæmundsson

Jóhanna Svanhvít Júlíusdóttir
og barnabörn.

Verity Sharp

Sigríður G. Ásgeirsdóttir

Margrét Lárusdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Lára J. Sigurðardóttir

sem andaðist þann 24. apríl sl. á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. apríl kl. 11.00.

Sigurður Karlsson

Ásmundur Karlsson

Guðríður Karlsdóttir

Hólmfríður Karlsdóttir

ömmubörn og langömmubörn.

Unnur Laufey Jónsdóttir

Guðbjörg Alfredsdóttir

Guðni Eyjólfsson

Fríðrik Sigurgeirsson

Áttu erfitt með að taka ákvarðanir? Kostirnir í stöðunni eru jafn margir og þeir eru áhugaverðir. Margar ólíkar gerðir í boði, mismunandi vélarstærðir og búnaður, allt eftir því hvað hentar þér. Tökum dæmi:

BMW 318i Advantage, sjálfskiptur kr. 4.390.000

Sensatec leðuráferð, samlitur, 16" álfelgur, rafstýrt léttstýri, 6 gíra sjálfskipting, aksturstölva, lofkæling, geislaspilari, sportleðurstýri, aðgerðarstýri, þokuljós, aux tengi. Aukahlutapakki að verðmæti 640.000 kr.

BMW 3 línan



Sheer
Driving Pleasure

www.bmw.is

BMW 318i

4 dyra - 2,0l. - 143 hestöfl - 5,9 ltr./100km
9,1 sek./0-100km - 142 CO2 g/km

Frá kr. **3.750.000***

BMW 3 línan.
Þýsk gæði.
Einfalt val.



STUÐ MILLI STRÍÐA Opið rými í helvíti

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FÆR GRUN SINN STAÐFESTAN



Nokkuð er síðan að þess fór að gæta í bókmenntum og öðrum frásagnarlistgreinum að höfundar fóru að fást við það skelfilega hlutskipti nútímamannsins að vinna á skrifstofu. Þessi bókmenntagrein, sem alla jafna bregður upp nokkuð dapurlegri mynd af nútímanum, er skiljanleg sem viðbrögð við stofnanavæðingu vinnutíma hins vestræna manns og víst er að nægur er efniviðurinn til að móða úr. Starf skrifstofu- eða básaprælsins er enda grátlegt og tæpast öfundsvort hlutskipti; hann situr alla daga hokinn í herðum, múlbundinn við tölvuna og símann

og grætur glötuð tækifæri til lífs-hamingju.

Það virðist þó sem atvinnurekendum þessa heims hafi ekki þótt nóg lagt á hinn vinnandi mann; á tíunda áratug síðustu aldar fór ný stefna í hönnun vinnuumhverfis að ryðja sér verulega til rúms, en stefna þessi varð til þess að básar fóru fljótlega að þykja eftirsóknarverðir í samanburðinum. Hér er að sjálfsgöðu vísað til vinnustaðaskipulags sem í daglegu tali er nefnt opið rými en mætti einnig kalla verstu hugmynd allra tíma. Framleiðni hlýtur að dragast saman í opnu rými, enda er hávaðinn þar ærandi. Að auki heyrta allir á vinnustaðnum hvað allir aðrir eru að tala um öllum stundum. Frá sjónarhóli atvinnurek-

andans má vera að svo kristaltær hljómburður samtala þyki sniðugur, enda verður mun erfiðara að baknaga yfirmanninn þegar hann heyrir í manni. En frá sjónarhóli vinnuþrælsins hefur opna rýmið svipt hann því eina sem gerða vinnudaginn bærilegan; nefnilega því að baknaga yfirmanninn. Reyndar verður að benda á það að yfirmenn eru oftast með eigin skrifstofur þar sem þeir geta lokað sig af frá almenninum, og því er tæknilega hægt að baknaga þá stundum. Bara ekki nógu oft til að gefa lífinu gildi.

Kosturinn við opin rými er aðeins einn: maður fær loksins staðfestan þann grun að það bora allir, nákvæmlega allir, í nefið þegar þeir eru djúpt hugsi. Nema kannski yfirmennirnir.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



EGILS GULL - FERSK UPPLIFUN!

LÉTTÖL

Posh með Pussycat Dolls

Victoria Beckham mun koma fram með nýrri stúlknaðsveit á næstunni. Hún skaust upp á stjörnuhimininn með Kryddpiunum á sínum tíma, en nú mun hún spreya sig með fríðu föruneysi í formi danssveitarinnar Pussycat Dolls, sem er þekkt fyrir djarfan dansstíl sinn. Þær troða upp í Las Vegas og hafa nokkrum sinnum áður fengið Hollwyoodstjörnur í lið með sér. Í þeirra hópi eru til dæmis Christina Aguilera, Paris Hilton, Brittany Murphy og



ÖNNUR STÚLKNAÐSVEIT
Victoria Beckham mun troða upp með Pussycat Dolls í Las Vegas, en hún er þálfvön að koma fram á sviði með stúlknaðsveitum.



PUSSYCAT DOLLS Stúlknaðsveitin Pussycat Dolls er þekkt fyrir djarfa sviðsframkomu. NORDICPHOTOS/GETTY

Charlize Theron. Talskona Pussycat Dolls, Alisa Boushey, hefur staðfest þátttöku fótboltafrúarinnar. „Victoria hefur verið í viðræðum við sveitina í nokkurn tíma og mun koma fram með þeim. Hún hefði viljað gera þetta fyrr, en dagskráin er stíf hjá henni. Það mun þó gerast von bráðar,“ segir talskonan.

Fær 22 millur fyrir að lýsa keppninni

Breski kynnirinn Terry Wogan er órjúfanlegur hluti af Eurovision. Hann hefur lýst keppninni á BBC frá árinu 1980. Nú hefur verið upplýst að Terry fái 150.000 pund fyrir sinn snúð, sirka 22 milljónir íslenskar krónur. Hann lýsir eingöngu aðalkeppninni 24. maí, enda fer breska lagið sjálfkrafa þangað. Terry er án efa sá einstaklingur sem mest græðir á Eurovision.



GRÆÐIR VEL Á EUROVISION
Breski kynnirinn Terry Wogan.

Terry er þekktur fyrir hnyttar og kaldhæðnislegar lýsingar sínar. Hann fer háðulegum orðum um nánast alla keppendurna og öll lögin. Lýsingar hans njóta mikilla vinsælda, 11 milljónir horfðu á hann lýsa keppninni í Helsinki í fyrra. „Lýsingar hans eru eina ástæðan fyrir því að heilbrigður einstaklingur myndi vilja horfa á Eurovision,“ hélt enski útvarpsmaðurinn Chris Tarrant fram.

Ekki finnst þó öllum hann myndinn, síður en svo. Terry tókst sem dæmi að móðga Dani þegar hann kallaði dönsku kynnina í keppninni 2001, „Doctor Death and the Tooth Fairy“.

Ekki er vitað hvað Sigmar Guðmundsson fær fyrir sína lýsingu. Líklega eitthvað aðeins minna.

EUROVISION

25 DAGAR TIL STEFNU

Hugmyndir að Lundastéli

RIFF, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, og Reyka vodka óska eftir hugmyndum að innihaldi og anda nýs hanastéls sem frumsýndur, eða frumblandaður, verður á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Í anda hátíðarinnar mun hann bera nafnið Pufftail, eða Lundastél.

„Sérstakur kokteilmeistari Reyka vodka mun búa lundastélið til. Við erum að óska eftir hugmyndum um innihald hans. Það ætti að vera bæði íslenskur og alþjóðlegur andi í drykknum, svona í stíl við hátíðina,“ útskýrir Sigtryggur Magnason, markaðsstjóri hátíðarinnar. Hann segir það ekki langsótt að reyna fyrir sér í drykkjablöndun í kynningu á hátíðinni. „Kvikmyndahátíð er svona félagslegur atburður, meira



LUNDASTÉL Í BÍGERÐ Sigtryggur Magnason segist sannfærður um að Lundastél geti slegið í gegn enda sé fuglign góður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

en bara kvikmyndasýningar og menning. Þetta væri hluti af þeim atburðum bæði fyrir og eftir sýningar. Og svo er ekkert verra að hafa góðan kokteil í Cannes,“ segir Sigtryggur.

Kvikmyndahátíðin í Cannes hefst 14. maí og þangað halda fulltrúar RIFF í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands, Iceland Naturally, Film In Iceland og Icelandair. „Við verðum með smá veislu fyrir blaðamenn og listamenn, svo það er aldrei að vita nema drykkurinn rati ofan í einhverja stjörnumaga,“ segir Sigtryggur, sem er sannfærður um að Lundastélið geti slegið í gegn. „Þetta er góður fugl og verður góður drykkur,“ segir hann.

- sun

Aftur til Opruh

Leikarinn Tom Cruise ætlar að koma aftur fram í spjallþætti Opruh Winfrey, þremur árum eftir að hann hoppaði í sófanum hjá henni í síðustu heimsókn.

Hinn 45 ára Cruise mun taka þátt í tveimur þáttum í byrjun maí í tilefni af að 25 ár eru liðin frá frumsýningu kvikmyndarinnar Risky Business. Mikið grín var gert að Cruise eftir síðustu heimsókn þar sem hann lýsti óhikað yfir ást á sinni á núverandi eigin konu, Katie Holmes.



HJÁ OPRUH Cruise lét eins og brjálæðingur síðast þegar hann heimsótti Opruh í þáttinn.



Við ætlum að fjölga fólki

Álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði er einn öflugasti vinnustaður heims á sínu sviði

Í fjölbreyttum hópi starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri sem njóta góðra launa, starfsþjálfunar og ýmissa fríðinda. Núna viljum við bæta í þennan blómlega hóp og ætlum að fjölga starfsmönnum á næstunni. Kynntu þér traust og spennandi atvinnutækifæri.

Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfs-

manna eru konur og karlar á öllum aldri. Verkefni eru margs konar og mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.



AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



NÝTT Í BÍÓ! FORSYNING NÝTT Í BÍÓ!

HANN ER RANLEGA SAKADUR UM MORD OG GERIR HVAD SEM ER TIL AÐ NÁ FRAM RÉTTLÆTI!

MEÐ VAB SPARKAD...
★★★★★
"EIN BESTA GAMANMYNDARSINS"
- V.J.V. TOPPS IS / FBL

STREET KINGS

SPENNUMYND AF BESTU GERD MED KEANU REEVES, FOREST WHITAKER, HUGH LAURIE (HOUSE) OG CHRIS EVANS (FANTASTIC FOUR) Í FANTAFORMI!

16 LUXUS

FORGETTING SARAH MARSHALL

MEÐ VAB SPARKAD...
★★★★★
"EIN BESTA GAMANMYNDARSINS"
- V.J.V. TOPPS IS / FBL

12

16

16

12

7

FRÁ JÓHANNA SÖNNI FIMBÓU YFIRKUR SCARY MOVIE OG NAKED GUN

HORTON

BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU

21

KL. 8 - 10:35

12

THE KING OF KONG

TROPA DE ELITE

CARAMEL

KL. 6 - 8 - 10

7

KL. 6

ENSKUR TEXTI

16

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÓGINN Sími 551 9000

5% A

5% A

STREET KINGS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	THE RUINS	kl. 8 - 10	16
STREET KINGS LUXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	VANTAGE POINT	kl. 8 - 10:10	16
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	THE BAND'S VISIT	kl. 6	ENSKUR TEXTI
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 4	12	THE KING OF KONG	kl. 6 - 8 - 10	ISLENSKUR T
21	kl. 8 - 10:35	12	TROPA DE ELITE	kl. 5:30 - 8 - 10:20	ENSKUR T
SUPERHERO MOVIE	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7	CARAMEL	kl. 6	ENSKUR TEXTI
HORTON	kl. 4 - 6	ISLENSK TAL			

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

STREET KINGS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	STREET KINGS	kl. 8 - 10	16
AWAKE	kl. 8 - 10	16	FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 - 10	12
21	kl. 6 - 9	12	BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 6	7
SUPERHERO MOVIE	kl. 6	7	SUPERHERO MOVIE	kl. 6	7
DOOMSDAY	kl. 10:20	16			
BRÜGGUMINN	kl. 6 - 8	7			

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA **mid.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐAN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

GTA-biðin tekur loks enda

Tölvuleikurinn ofbeldisfulli Grand Theft Auto IV kemur út á morgun og af því tilefni verður miðnætur-opnun í versluninni Elko í Skeifunni í kvöld. Fjörði hefst klukkan 23 og verður boðið upp á mat og drykk, auk þess sem DJ Danni Deluxe, Dóri DNA og Bent munu troða upp.

„Þetta eru mjög skemmtilegir leikir og ég er rosalega spenntur fyrir þessum nýjasta,“ segir Bent. „Ég hef spilað þessa leiki alveg frá þeim fyrsta sem var bílaleikur og maður fékk stig fyrir að keyra á lið. Það var áður en þetta varð þriðju persónu-, ævintýra- „role-play“-leikur.“

Sex ár eru liðin síðan Bent spilaði síðast á miðnætur-opnun sem þessari. Þá var hann að kynna síðari plötu Rottweiler-hundanna og hlakkar hann mikið til að endurtaka leikinn.

Grand Theft Auto IV er ellefti leikurinn í seríunni og telst vera sá allra flottasti til þessa. Reiknað er með að hann seljist í yfir tíu milljónum eintaka fyrstu vikuna og afli hátt í þrjátíu milljarða króna, sem gerir hann að einni stærstu afþreyingarvöru allra tíma.

Leikurinn gerist í borginni Liberty City og fara leikmenn í lutverk innflytjandans Nicos



GRAND THEFT AUTO IV Mikil eftirvænting ríkir eftir nýjasta leiknum í seríunni.

Bellic sem ætlar að koma undir sig fótunum í stórborginni. Frændi hans, Roman, hefur lofað öllu fögru en fljótt kemur í ljós að hlutirnir eru ekki alveg eins og þeir áttu að vera.

Gömlu goðin trekkja að

Nú hafa selst ríflega 25.000 miðar á erlenda popp- og rokkónleika sumarsins. Gróflega áætlað út frá meðalverði hafa Íslendingar eytt um 200 milljónum króna í tónleikana.

Sex stórtónleikar í Laugardals- og Egilshöll hafa verið kunngjörðir. Fjórir eru stílaðir inn á svipaðan áheyrendahóp því gömlu goðin Clapton, Fogerty, Paul Simon og Dylan höfðu til mjög svipaðs hóps miðaldra og eldra fólks. Margt ungt fólk mun þó eflaust mæta líka því þetta eru klassískir snillingar allir sem einn.

Eric Clapton nýtur þess að tónleikar hans voru auglýstir fyrst. Um tólf þúsund miðar hafa selst á þá og því er aðeins um eitt þúsund miðar eftir á tónleika hans í Egilshöll í ágúst.

Clapton heldur fjölmennustu tónleika sumarsins. Einungis 8000 miðar verða í boði á Bob Dylan og hafa tæplega 6000 selst á tónleika hans í Egilshöll 26. maí. Einnig gengur ágætlega að selja miða á Creedence Clearwater Revival-foreingjann John Fogerty og smávaxna eðalpopparann Paul Simon.

Hljómsveitin Whitesnake er vissulega gömul í hettunni en samt á öðru róli en hinir gamlingjarnir. Klassískt þungarokkið höfðar til eilítíð annars hóps. Sá hópur er sínum mönnum trúur og flykkist að. Þá hefur miðasala gengið vel á ballöðusöngvarann James Blunt. Hann sló í gegn árið 2005 með laginu „You're Beautiful“ og er því eini listamaðurinn sem heimsækir okkur í sumar sem hefur átt topplag á þessari öld.

Nú eru aðeins um þúsund miðar eftir á tónleika þessa huggulega hjartaknúsara. Sem sé, lítil sem engin kreppa í tónleikahaldinu enn sem komið er.

gunnarh@frettabladid.is



Gömlu goðin og hjartaknúsarinn
Vel gengur að selja á tónleika sumarsins þrátt fyrir kreppu og gengisfall.

TÓNLEIKAR SUMARSINS

John Fogerty - Miðvikudagur 21. maí, Laugardalshöll
Bob Dylan - Mánudagur 26 maí, Laugardalshöll
Whitesnake - Þriðjudagur 10. júní, Laugardalshöll
James Blunt - Fimmtudagur 12. júní, Laugardalshöll
Paul Simon - Þriðjudagur 1. júlí, Laugardalshöll
Eric Clapton - Föstudagur 8. ágúst, Egilshöll

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★★1/2 SV MBL

FORGETTING SARAH MARSHALL

DRILLBIT TAYLOR

DEFINITELY MAYBE

550 Kr.

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DRILLBIT TAYLOR	kl. 6, 8 og 10	L
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 og 10:15	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 6 - 550 kr.	L
DEFINITELY MAYBE	kl. 8 og 10:15	L
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 6	7

SAMBIO.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

Frá höfund/framleiðanda SUPERBAD og KNOCKED UP

DRILLBIT TAYLOR

OVER HER DEAD BODY

IN THE VALLEY OF ELAH

FORGETTING SARAH...

SHINE A LIGHT

FOOL'S GOLD

UNDRAHUNDURINN ISL TAL

STEP UP 2

ALFABAKKA

DRILLBIT TAYLOR	kl. 5:40 - 8 - 10:20	10
DRILLBIT TAYLOR	kl. 8 - 10:20	VIP
IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
FORGETTING SARAH...	kl. 5:40 - 8 - 10:30	12
SHINE A LIGHT	kl. 8 - 10:30	L
SHINE A LIGHT	kl. 5:30	VIP
FOOL'S GOLD	kl. 8 - 10:20	7
UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 6	L
STEP UP 2	kl. 6	7

SELFOSS

OVER HER DEAD BODY	kl. 8 - 10:10	7
FOOL'S GOLD	kl. 8	7
DOOMSDAY	kl. 10:20	16

AKUREYRI

DRILLBIT TAYLOR	kl. 8	10
P2	kl. 10:10	16
DEFINITELY MAYBE	kl. 8	L
SHINE A LIGHT	kl. 10:10	L

KEFLAVÍK

FORGETTING SARAH...	kl. 8	L
21	kl. 10	12
THE RUINS	kl. 10:10	16
HEIÐIN	kl. 8	7

STÓRA PLANIÐ DIGITAL

STÓRA PLANIÐ	kl. 6D - 8D - 10D	10
JUNO	kl. 6	7

Óbreytt miðaverð á mid.is

LANDSPÍTALI HASKÓLANNAKRAKIS

ÁRSFUNDUR 29 APRÍL 2008

Ársfundur Landspítala 2008

í Salnum í Kópavogi 29. apríl 2008, kl. 14:00-16:30

Ávörp forstjóra Landspítala og heilbrigðisráðherra.
Ársreikningur LSH skýrður.
Afhending styrkja úr Styrktar- og verðlaunasjóði Bent Scheving Thorsteinsson.
Frank B. Cerra forseti heilbrigðisvísindaskólans í Minnesota háskóla í Bandaríkjunum fjallar um samskipti slíks skóla við háskólaspítalann og þverfaglega menntun og rannsóknir. Erindið hefst um kl. 15:30.
Starfsmenn heiðraðir.

Vísindi á vordögum

hefst miðvikudaginn 30. apríl

Veggspjaldasýning opnuð í K-byggingu við Hringbraut kl. 11:30.
Vísindadagskrá í Hringal hefst kl. 13:00.
Robin Murray prófessor í geðlækningum við Maudsley, Kings College, Lundúnaháskóla fjallar um umhverfispætti og geðklofa.
Fyrirlestur hans hefst í Hringal kl. 13:15.

Allir eru velkomnir á ársfund LSH og Vísindi á vordögum.

Fagmennska Jafnræði Virðing Öryggi Þekking

MAX

RAFTÆKI



6.989 kr.

Miðnæturoppnun í Holtagörðum

Opnum kl. 23:30 í kvöld



40Gb

3 leikir
fylgja frítt



PS3
+ 2 ÞRÁÐLAUSIR
STYRIPINNAR

64.989 kr.



GTA 4
fylgir frítt



XBox 360

44.989 kr.

Pakkatilboð gilda meðan birgðir endast!

Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18



MAX / Kaupúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX

RAFTÆKI

Ertu að leita að bestu Vöxtunum? **16,80%**

Allt að 16,80%* vextir á óbundnum sparnaðarreikningum hjá S24



Stofnaðu reikning... www.s24.is

533 2424 - Sætún 1

Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið



Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta!

NÝTT MICHELIN ENERGY™ SAVER

Betri kostur, bæði fyrir budduna og umhverfið!

- Minni eldsneytisnotkun
- Óvenjugóð ending
- Meira öryggi



SUMARDEKK undir öll ökutæki

Allar gerðir dekkja á ennþá betra verði!



MÓTORHJÓL!



VINNUVÉLAR OG TRAKTORAR!



VÖRUBÍLAR OG RÚTUR!



MICHELIN

BFGoodrich

Kleber

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi



HELIX

Við notum Shell Helix smurólur



pitstop

Rauðhelli 11 Hfj.
Sími: 568 2035



pitstop

Dugguvogi 10
Sími: 568 2020



pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121



pitstop

Þjónustubíll
Sími: 568 2035 & 898 3031

Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Missing

Þriðja þáttaröð þessa vinsæla spennu- og flakks sem fjallar um leit bandarísku alríkislög-reglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðar- maður í rannsóknunum. Nicole Scott er félagi hennar og er hörkulögga sem veigrar sér ekki við að sveigja reglurnar til þess að leysa glæpi. Magnaðir þættir í anda Cold Case.



VIÐ MÆLUM MED Movern Callar Stöð 2 Bío kl. 22.00

Geysilega sterk skosk mynd eftir einn efnilegasta kvikmyndagerðarmann Brets, Lynne Ramsay, sem gat sér fyrst gott orð fyrir hina rómuðu Rat-catcher. Samantha Morton fer hér á kostum í hlutverk ungrar konu sem á í rækilegri tilvistarkreppu. Þegar kær-asti hennar fremur sjálfsmorð tekur hún þá undarlegu ákvörðun að gefa út nýklárað handrit hans undir sínu nafni og láta sig síðan hverfa.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfreginir	16.10 Veðurfreginir
06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfreginir	18.50 Dánarfreginir og auglýsingar
10.13 Stefnunót	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútlit	20.30 Stjörnuvísi
12.20 Hádegisfréttir	21.20 Kvika
12.45 Veðurfreginir	22.07 Veðurfreginir
12.50 Dánarfreginir og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vít og breitt	22.15 Frá Tónskáldþinginu í París
14.03 Bak við stjórnurnar	23.10 Lárétt eða lóðrétt
15.03 Útlitssagan: Skugga-Baldur	00.07 Næturtonar
15.30 Dr. RÚV	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Falcon Beach
- 17.45 Wildfire (6:13)
- 18.30 The Class (4:19)
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Falcon Beach
- 20.45 Wildfire (6:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
- 21.30 The Class (4:19) The Class er bráðskemmtilega nýr gamanþáttur úr smíðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
- 22.00 Cold Case (14.18)
- 22.45 Big Shots (8:11) Ný og spennandi þáttaröð sem lýsa mátti sem blöndu af Nip/Tuck og Desperate Housewives - nokkurs konar Aðþrengdir eiginmenn.
- 23.25 Curb Your Enthusiasm (4:10)
- 23.50 Entourage (3:20)
- 00.15 American Dad (9:23)
- 00.40 Comedy Inc. (12:22)
- 01.05 Kenny vs. Spenny 2 (4:13)
- 01.35 Sjáðu
- 02.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

- INN**
- 20.00 Mér finnst... Sjálfþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir eru Elísabet Jökulsdóttir og Björk Jakobsdóttir ásamt leynigesti.
 - 21.00 Mæður og dætur Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér sambandi mæðgna ásamt gestum sínum.
 - 21.30 Í kalfæri Jón Kristinn Snæhólm ræðir við Jórunni Frimannsdóttur, formann velferðasviðs.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

- DR 1**
- 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21. Søndag 10.50 Aftenshowet 11.20 OBS 11.25 Saras køkken 11.50 Søren Ryge præsenterer 12.20 Verdens vildeste krydstogt 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 Family Guy 14.15 SKUM TV 14.30 Den lyserøde Panter 14.35 Naruto 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Tigerdyret og Plys 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Supernabo 18.00 Naturens dyrebørn 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Mistænkt 5: Svækket dømmekraft 21.45 OBS 21.50 Seinfeld 22.15 Truslen fra dybet 22.55 Smagsdommeme

- NRK 1**
- 7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Camilla Plum i hagen 10.40 Grosvold 11.25 Apen himmel 11.55 Med hjertet på rette staden 12.45 Jrdna - Samisk kulturmagasin 13.00 Newton 13.30 Kim Possible 13.55 Frokost til middag 14.05 Desperados 14.30 Supermusikk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barn-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mine venner i Tigergutt og Brumm 16.25 Bali 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Faktor 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Album 20.30 De som bygger landet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Columbo 22.50 Nytt på nytt 23.20 Kulturnytt 23.30 Sport Jukeboks

- SVT 1**
- 10.00 Rapport 10.05 Agenda 11.00 Sportspeglin 12.00 Lustgården 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Ramp 15.30 Mega 16.00 Bolibompa 16.10 Valpen Kasper 16.15 Romi Racerbil 16.30 Lata Lucy 16.35 Jane och draken 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Andra Avenyn 18.30 Sthlm 19.15 The Full Monteverdi 19.30 Kobra 20.15 Arméns döttrar 21.15 Rapport 21.25 Kulturhyeterna 21.40 Glasklart 22.40 Brottskod: Försvunnen 23.25 Sändningar från SVT24



Nikótín tyggigúmmí Til að hætta eða draga úr reykingum

- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmí
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
- mintu, ávaxta, lakkrís og Classic
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust

Ánægja eða endurgreiðsla!

Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmí. Ef lyfið uppfyllir ekki væntingar þínar, getur þú fengið það endurgreitt.

Hægt er að nálgast skilamiða í öllum apótekum sem inniheldur frekari upplýsingar.

Nicotinell NIKÓTÍN TYGGIGÚMMÍ
Til að hætta eða draga úr reykingum

ÁNÆGJA Eða SKILAMIÐI
ENDURGREIÐSLA

Nicotinell tyggigúmmí

- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmí
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
- mintu, ávaxta, lakkrís og Classic nikótínbragði
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust

Ánægja eða endurgreiðsla
Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmí ef það uppfyllir ekki væntingar þínar. Nánari upplýsingar um skilamiða eru á baksíðunni.

Til að fá lyfið endurgreitt skaltu fylla út eftirtarandi upplýsingar:

1. Fylltu út formið:

Nafn: _____
 Heimili: _____ Bær: _____
 Póstnr.: _____ Banki: _____
 Banknám.: _____ Kennitala: _____
 Reikningsnr.: _____

2. Vinsamlegast útskýru hvers vegna lyfið stóðst ekki væntingar:

Smú!



Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaröreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðs-leyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

**FULLT af
flottum krakka- og
barnahjólum
tilvalið í sumargjöfina!**

MONGOOSE 

**Motomicro
16"**



15.990

**Magnolia
16"**



15.990

**Motomicro
12"**



13.990

**Twinkle
12"**



13.990

4-6 ára
Bretti fylgja
(Stelpuhjól með
dúkkusæti)

**Rocadile
AL 24"**

28.900



8-12 ára
álstell, 21 gra,
dempari
standari

**Rocadile
AL 20"**

24.900



6-8 ára
álstell, 7 gra,
dempari
standari



GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 10-16

**ALVÖRU FJALLAHJÓL
VARIST
EFTIRLÍKINGAR**



BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar

Ofbeldi og fasismi

Árið 1209 höfðu „réttrúðir“ katólikkar nógu að sinna í krossferð gegn „villutrú“ Kaþara í Suður-Frakklandi. Þar kom að krossfaraherinn sat um Beziersborg, eitt höfuðvirkja Kaþara. Ákveðið var að ráðast til innngöngu í borgina. Herstjóri krossfara, Símon Montford jarl af Leicester, benti á að ekki væru allir íbúar borgarinnar villutrúarmenn. Kommissar eða umbodsmaður páfa (Innocentíusar eða Hreins III), Arnaud-Amaury, ábóti í Citeaux sagði þá setningu sem lifað hefur fram á vora daga: „Neca eos omnes, Deus suos agocet.“ („Drepið þá alla. Drottinn hirðir sína.“ Enska þýðingin er: „Kill them all, let God sort them out.“).

Árið 2008, 799 árum síðar, er ofbeldi enn þá stundað í stærri stíl en nokkru sinni fyrr hérna á plánetunni okkar. Það sem helst hefur breyst er að auðugir aðilar hafa dregið sig út úr sjálfum bardögum því að reynslan sýnir að það kemur best út fjárhagslega að láta láglaunamenn berjast við láglaunafólk.

ADOLF Hitler trúði því statt og stöðugt að ofbeldi væri ekki einungis óhjákvæmilegt öðru hverju til að treysta stöðu valdhafa, heldur væri ofbeldi grundvallaratriði í skipan ríkisins. Hann sagði: „Allra fyrsta undirstaða velgengni er sífelld, stöðugt og regluleg beiting ofbeldis.“ Ekki er hægt að ásaka Adolf Hitler fyrir að vera ekki sjálfum sér samkvæmur að þessu leyti, því hann sagði einnig: „Mannúðarstefna er ein-kenni heimsku og kjarkleysis.“


ALGENGASTA réttlætning á ofbeldi er að óhjákvæmilegt sé að beita því í sjálfsvörn; og ríkisstjórnir megi ráðast á þegna sína þegar aðgerðir þeirra beinast að því að kollvarpa stjórnarskrá landsins. Sömuleiðis er talið óhjákvæmilegt að ríkisvaldið sé reiðubúið að grípa til ofbeldis til að halda uppi lögum og reglu. Samanber að handsama sjúka ofbeldismenn, morðingja og fólk sem er vitstola af vímuefnaneyslu. Að beita ofbeldi gegn friðsömum mótmælum, jafnvel þótt þau séu út af jafn fáránlegum meinlokum og hjá Köpörum forðum er villimennska af þeirri tegund sem við nú köllum fasisma, samanber orð fyrrnefnds Hitlers: „Allra fyrsta undirstaða velgengni er sífelld, stöðug og regluleg beiting ofbeldis.“ Mjór er mikils vísir.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 28. apríl,
119. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 5.13	13.25	21.40
Akureyri 4.46	13.10	21.36

Heimild: Almanak Háskólans



ISUZU MEÐ BREYTINGU OG PALLHÚSI Á FRÁBÆRU VERÐI*

ISUZU D-MAX

3.190.000 kr. beinskiptur

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný afmíkil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, akurstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.



* Bíllinn á myndinni er með 32" breytingu, gangbretti og pallhúsi ákomið í lit. Kostar aðeins 3.390.000 beinskiptur



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON